



Vanda fær 20 milljónir á ári



STUNDUM ER BETRA AÐ LEIGJA BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRETTABLAÐIÐ

FRÍTT

36. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 21. FEBRÚAR 2023



Fjölskylda gengur eftir götum borgarinnar Hatay í gærkvöldi en jarðskjálfti sem mældist 6,4 reið yfir borgina. Hún er þegar mjög illa farin eftir fyrri skjálfta. Samkvæmt evrópsku jarðskjálftamiðstöðunni ESMC mældist skjálftinn á um tveggja kílómetra dýpi. Skjálftans varð víða vart og samkvæmt erlendum miðlum fannst hann frá suðurhluta tyrknesku borgarinnar Antakya, í Sýrlandi og alla leið til Egyptalands og Líbanon.


FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

MENNING 15

Hátíð sögu og bóka í Hólminum



LÍFIÐ 18



Byssur Balta hitta í mark

LÍFIÐ 16



Senubjófurinn Zeta-Jones

Verkbann síðasta úrræðið hjá SA

VINNUMARKAÐUR „Ábyrgðar okkar vegna getum við ekki leyft verkföllum Eflingar að taka samfélagið úr sambandi eftir úthugsuðum leiðum forystu Eflingar,” segir Halldór Benjamín Þorbergsson, formaður Samtaka atvinnulífsins í aðsendri grein í dag.

Par útskýrir hann hvers vegna SA beitir verkbaninu en viðurður í vinnudeilu Eflingar og SA hafa engu skilað og engin lausn er í sjónmáli. Hefur stjórn SA samþykkt einróma að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu um verkban á félagsmenn í Eflingu sem starfa samkvæmt aðalkjarsamningi og veitinga- og gistihúsa-samningi SA og Eflingar.

„Við verðum að geta náð stjórn á framkvæmd þessara verkfalla og verkban er það tæki sem vinnulöggjöfin veitir okkur og er fyrst og fremst varnaraðgerð og síðasta úrræði okkar.“

SJÁ SIÐU 8

Fráfarandi bæjarstjóri ekki greitt gjöld af sumarbústað

Sumarbústaðir fráfarandi bæjarstjóra Fjarðabyggðar og fjölskyldu hans eru ekki skráðir og ekki hafa verið greidd gjöld af húsunum. Bæjarstjórinn sagði af sér í gær.

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND Minnihluti sveitarstjórnar Fjarðabyggðar hefur óskað eftir skýringum á fasteignamálum Jóns Björns Hákonarsonar, fráfarandi bæjarstjóra. Hann og fjölskylda hans hafa átt óleyfisfasteignir í sveitarfélaginu og ekki greitt af þeim fasteignagjöld.

Jón Björn, sem er oddviti Framsóknarflokksins, óskaði eftir uppsögn á fundi bæjarráðs í gær og tilkynnti ákvörðunina á samfélags-



Enginn þeirra er skráður í fasteignamat. Bara lóðirnar.

Snorri Styrkársson, fjármálastjóri Fjarðabyggðar

miðlum. Hann mun einnig hætta sem sveitarstjórnarfulltrúi. Í meirihluta sitja Framsóknarflokkur og Fjarðarlisti en Sjálfstæðisflokkur í minnihluta.

Bæjarfulltrúar fengu erindi í síðustu viku frá íbúa varðandi sumar-

bústaðalóðirnar Fönn 1 til 4 í Fannardal, innarlega í Norðfirði, sem eru í eigu Jóns Björns og fjölskyldu hans. Gjöld hafa ekki verið greidd af húsunum heldur aðeins lóðunum.

„Enginn þeirra er skráður í fasteignamat. Bara lóðirnar,” segir Snorri Styrkársson, fjármálastjóri Fjarðabyggðar.

Samkvæmt Snorra er þetta á bilinu fimm til tíu ára saga. Sótt hafi verið um byggingarleyfi en því hafnað, málið hafi svo verið í deiliskipulagsgerð í mörg ár og byggingarfulltrúi hafi hvorki stoppað né leyft húsin. Nú sé verið að safna þessari sögu saman fyrir bæjarráðsfund.

„Það má túlka það þannig,” segir Snorri aðspurður um hvort bústaðirnir séu óleyfisframkvæmdir.

SJÁ SIÐU 4



Backstreet Boys hafa tryllt lýðinn í rúma þrjá áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Íslendingar óðir í miða á tónleika Backstreet Boys

odduraevar@frettabladid.is

SAMFÉLAG Vefsíða viðburðahaldarans Senu Live hrundi í gær vegna mikillar ásóknar eftir að tilkynnt var að tekið yrði á móti strákahljómsveitinni Backstreet Boys í nýju Laugardalshöllinni þann 28. apríl næstkomandi.

Bandaríska sveitin heldur upp á þrjátíu ára stórafmæli sitt í ár og ætlar því í tónleikaferðalag um heiminn, þar sem Ísland verður fyrsta stoppið.

Tónleikaferðalagið ber sama heiti og nýjasta plata sveitarinnar, DNA, sem kom út árið 2019.

Í tilkynningunni frá Senu var boðið upp á forskráningu fyrir miðasölu á tónleikana sem hefist þann 2. mars næstkomandi.

Áhuginn var svo mikill að vefsíðan hrundi í kjölfarið en var komin upp aftur um kvöldmatarleytið í gær. Forsala á tónleikana hefist degi fyrir, eða þann 1. mars næstkomandi. ■

Erfitt að njóta fokinna mynda



Myndir sem standa með fram Sæbrautinni hafa fokið um koll í einu óveðri vetrarins. Erfitt er að njóta verkanna meðan myndirnar snúa niður í frosna jörðu. Í dag er gert ráð fyrir hægviðri en norðvestan 5-10 metrum á sekúndu seinnipartinn. Stöku él og hiti kringum frostmark. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sakar Halldór um að segja ósatt

odduraevar@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR „Það er ósatt,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, um fullyrðingar Halldórs Benjamíns Þorbergssonar, formanns SA, í Fréttavaktinni á Hringbraut um að SA hefði gripið til atkvæðagreiðslu um verkabann þar sem reynt hefði verið á þanþol ramma kjarasamninga sem gerðir hefðu verið við önnur stéttarfélag, í viðræðum við Eflingu.

Sólveig segir að gengið hafi sæmlega um stund í viðræðum við SA um helgina en svo hafi allt í einu allt breyst.

„Þannig að það sem hann heldur þarna fram er einfaldlega ósatt,“ segir Sólveig. Efling samþykkti í gærkvöldi frekari verkfallsbeiðnir og segir Sólveig Anna að félagið muni halda sínu striki.



Það sem hann heldur þarna fram er einfaldlega ósatt.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Verkabannið skýrist á morgun og tekur þá gildi 2. mars verði það samþykkt. „Við vorum þessa daga með ríkulegan samningsvilja.“

Ég held að á þessum tímamarki sé eins augljóst og hægt er að hugsa sér að það er enginn samningsvilji hjá SA. Samtalið sem við fengum undir leiðsögn sáttasemjara skilar nákvæmlega engum árangri fyrir okkur,“ segir Sólveig. ■

Landspekkur listamaður sakar lögguna um einelti

Landspekkur gítarleikari, handboltapjálfi og lagahöfundur þakkar tveimur konum að hann dó ekki í umferðarslysi. Aftur á móti vandar hann lögreglu ekki kveðjurnar.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Karl Erlingsson, fyrrverandi handboltapjálfi, tónlistarmaður og höfundur stórmellsins Pamela í Dallas, sakar lögreglu um fúsk, mismunun og einelti.

Bíl var bakkað á Karl fyrir einu og hálfu ári þar sem hann var fótgangandi við Lindargötu. Vitni urðu að slysinu, tvær konur, sem hrópuðu og veifuðu meðan hann dróst með bílnum.

„Það er þessum tveimur konum að þakka að ég dó ekki,“ segir Karl sem grunar að há tónlist í bílnum hafi slævt athygli öðrumanns.

Vitnin hringdu strax á á lögreglu og stumruðu yfir Karli. Að sögn Karls mótmæltu þær hástöfum þegar slysvaldurinn hreyfði eigin bíl og lagði í stæði skammt frá, enda spilltust rannsóknargögn.

Einn lögreglumaður kom svo á slystað. Hann lét hjá líða að kalla á sjúkrahúsi. Þá fór fyrst hjá lögreglu að halda til haga upplýsingum um vitnin eftir því sem Karl heldur fram.

Sjálfur leitaði Karl á slysideild síðar um kvöldið. Örorða hans samkvæmt fyrsta mati er metin 75 prósent. Ekki hafa þó verið greiddar út bætur og er tekist á um málið milli lögmanna og tryggingafélaga. Karl hlaut auk höfuðhöggs skaða í mjóbaki og mjödm og fær að sögn vandar martraðir eftir slysið.

Framkoma lögreglu í málinu ber



Karl Erlingsson sakar lögreglu um handvömm og mismunun eftir að hann lenti í alvarlegu umferðarslysi. Hann auglýsir eftir vitnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Það er þessum tveimur konum að þakka að ég dó ekki.

Karl Erlingsson tónlistarmaður.

mikið fúsk og einelti að það hálfá væri nóg. Það er ekki sama Jón og séra Jón,“ segir Karl.

Einnig gagnrýnir hann að lögreglu hafi láðst að kanna hvort áfengismagn hafi verið í blóði öðrumanns. Engin almennileg skýrsla hafi verið tekin af öðrumanni eða vitnum eftir á.

Í gögnum frá lögreglu sem Fréttablaðið hefur undir höndum segir að Karl hafi ekki viljað fá sjúkrafreið á vettvang eftir slysið. Þá er staðhæft í bókun lögreglu um málið að hvorki hafi orðið eignatjón né slys á fólki þegar Karl varð örkumla.

Karl segir alþekkt að höfuðhögg hafi áhrif á dómgreind slasaðra. Löggan eigi að vita betur.

Hann óskar þess að vitnin tvö að slysinu gefi sig fram við Fréttablaðið. ■

Alex og William manual hvíldarstólar



Nú með 20% afslætti



Alklæddir Anelín leðri Litir: svart, dökkbrúnt og cognac

Alex manual með 20% afsl. 195.000 kr. William manual með 20% afsl. 215.000 kr.

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Boðun til aðalfundar Arion banka hf.

Aðalfundur Arion banka hf., kt. 581008-0150, („Arion banki“ eða „bankinn“) verður haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 15. mars 2023, kl. 16:00. Einnig verður gefinn kostur á rafrænni þátttöku. Atkvæðagreiðsla á fundinum fer eingöngu fram með rafrænum hætti. Fundurinn fer fram á íslensku en boðið verður upp á túlkþjónustu á ensku.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins

- Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta reikningsári**
- Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár**
- Ákvörðun um greiðslu arðs**

Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur 8,5 kr. á hlut sem jafngildir um 12,5 milljörðum króna, að teknu tilliti til eigin bréfa bankans.
- Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar**
- Kosning endurskoðunarfélags**
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar**
- Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
- Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
- Tillaga að breytingum á starfsreglum tilnefningarnefndar**
- Tillaga að breytingum á starfskjarastefnu bankans**
- Tillaga um lækkan hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**

Tillagan felur í sér að hlutafé bankans verði lækkað um 50.000.000 kr. að nafnverði, úr 1.510.000.000 kr. í 1.460.000.000 kr. að nafnverði til jöfnunar á eigin hlutum bankans. Verði tillagan samþykkt felur hún í sér breytingu á ákvæði 2.1 samþykktu bankans sem skal eftirleiddis hljóða þannig: „Hlutafé félagsins er kr. 1.460.000.000,00 – einn milljarður fjögur hundruð og sextíu milljónir króna.“
- Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**

Verði tillagan samþykkt felur hún í sér að tímabundin heimild stjórnar til að kaupa allt að 10% af hlutafé bankans í þeim tilgangi að setja upp endurkaupaáætlun eða að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum verði endurnýjuð. Heimildin mun gilda fram að aðalfundi bankans árið 2024 en hafi hann ekki farið fram 15. september 2024 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Framkvæmd endurkaupa er háð fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.
- Tillögur að breytingum á samþykktum bankans**

Fyrir aðalfundi bankans liggur tillaga um að samþykktar verði breytingar á samþykktum bankans. Tillagan felur í sér að ákvæðum 3.3, 3.4, 10.2, og 10.4 í samþykktum bankans verði breytt til samræmis við nýlegar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um hlutafélög. Á vefsíðu bankans [www.arionbanki.is/gm](#) er að finna skjal sem rekur fyrirhugaðar breytingar á samþykktum bankans með skýrum hætti, sem og hreint eintak af samþykktunum með þeim breytingum sem lagðar eru til undir dagskrárlíðum 11, 12 og 13.
- Önnur mál**

Skýringar á dagskrárlíðum 4 og 8 í dagskrá fundarins:

Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar

Í samræmi við samþykktir bankans skal á aðalfundi m.a. fara fram kosning stjórnar bankans sem kjörin er til eins árs í senn. Stjórn bankans hefur ákveðið að kosningu stjórnar bankans verði þannig háttað að aðalstjórn verði skipuð fimm einstaklingum og varastjórn tveimur, sbr. grein 17.1 í samþykktum bankans. Ákvörðunin byggist á tillögu tilnefningarnefndar bankans. Nána-

ri umfjöllun er að finna í skýrslu tilnefningarnefndar sem verður aðgengileg á vefsíðu bankans. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. ákvæði samþykktu bankans. Skulu tilkynningar berast á netfangið [nominationcommittee@arionbanki.is](#) fyrir kl. 16:00 þann 10. mars 2023. Tilnefningarnefnd mun gera tillögu til hluthafa um framboð til stjórnar sem mun byggjast á tillögum þeirra og framkomnum framboðum. Tillagan verður birt á vefsíðu bankans [www.arionbanki.is/gm](#) ásamt öðrum framboðum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfundinn. Frá sama tíma verður hún aðgengileg í höfuðstöðvum bankans.

Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Í samræmi við samþykktir bankans og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri til að kjósa tvo af þremur nefndarmönnum í tilnefningarnefnd á hluthafafundi. Þriðji nefndarmaðurinn skal vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður skipaður af stjórn bankans. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í nefndarkjöri skulu tilkynna um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Skulu tilkynningar því berast á netfangið [hluthafar@arionbanki.is](#) fyrir kl. 16:00 þann 10. mars 2023. Reglur samþykktu um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Upplýsingar um framboðendur í tilnefningarnefnd verða birtar á vefsíðu bankans [www.arionbanki.is/gm](#) eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfundinn. Þær verða aðgengilegar í höfuðstöðvum bankans frá þeim tíma.

Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá, tillögur, ársreikningur og samstæðureikningur fyrir árið 2022 og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn verða aðgengileg á vefsíðu bankans, [www.arionbanki.is/gm](#), í síðasta lagi tveimur vikum fyrir fundinn. Auk þess verða gögnin aðgengileg í höfuðstöðvum bankans. Sé misræmi milli fundargagna á ensku annars vegar og íslensku hins vegar gildir íslenska útgáfan. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja aðalfund, taka þar til máls og neyta atkvæðisréttar síns. Rétt til setu á aðalfundi hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi, stjórnarmenn og forstjóri félagsins. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Skal nefndarmönnum undirnefnda stjórnar jafnframt heimilt að sitja fundinn. Stjórnin getur einnig boðið sérfræðingum setu á fundinum. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á fundinum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Þá kann að vera að fulltrúum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands verði heimilt að sitja fundinn, en slíkir fulltrúar hafa hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á fundinum. Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja aðalfundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Hluthafar einir bera ábyrgð á því hvaða einstaklingum/aðilum þeir veita umboð eða afhenda aðgangsupplýsingar. Á vefsíðu bankans, [www.arionbanki.is/gm](#), má finna sniðmát af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér. Umboð gilda einungis til fundarsetu á einum hluthafafundi nema annað sé skýrt tekið fram í efni umboðsins en getur þó aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess. Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum skulu senda skriflega eða rafræna beiðni um slíkt með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Slíka kröfu má gera síðar, en þó eigi síðar en viku eftir að endanleg dagskrá og tillögur stjórnar fyrir aðalfundinn hafa verið birtar, eða tíu sólarhringum fyrir boðaðan aðalfund, eftir því hvor fresturinn rennur út síðar. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Senda skal slíka kröfu til félagsstjórnar á netfangið [hluthafar@arionbanki.is](#). Atkvæðagreiðsla á fundinum fer fram með rafrænum hætti. Hluthafar sem hyggjast sækja aðalfundinn, óháð því hvort fundur sé sóttur í persónu eða rafrænt, þurfa því að óska eftir aðgangi fyrir fram á vefsíðunni [https://www.lumiconnect.com/meeting/arionbanki2023](#). Hluthöfum, sem jafnframt eru löggæðilar eða hyggjast láta umboðsmann sækja aðalfundinn, er bent á að tryggja að sá aðili sem sækir um aðgang hafi til þess heimild. Nánari leiðbeiningar um hvernig hluthafar geta nálgast aðgangsupplýsingar, upplýsingar um framkvæmd rafrænnar

atkvæðagreiðslu með Lumi AGM, reglur um rafræna atkvæðagreiðslu og aðrar upplýsingar sem geta átt við verða aðgengilegar fyrir fundinn á vefsíðu bankans, [www.arionbanki.is/gm](#). Á aðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar. Aðalfundurinn fer fram í höfuðstöðvum bankans en einnig verður unnt að mæta með rafrænum hætti með Lumi AGM veflausninni. Hluthafar sem óska þess að mæta með rafrænum hætti geta nálgast AGM-veflausnina í gegnum vafra í tölvu eða snjalltæki. Mælt er með því að notast við tölvu og að nýjasta útgáfa af vafra sé uppsett (Chrome, Safari, Edge eða Firefox). Hluthöfum sem mæta með rafrænum hætti mun gefast kostur á því að spyrja spurninga sem kunna að vakna á fundinum, með skriflegum hætti í gegnum Lumi AGM veflausnina. Athugið að nauðsynlegt er að hafa stöðuga nettengingu ef mætt er með rafrænum hætti. Til þess að hægt sé að tryggja tímanlega úrvinnslu á beiðnum hluthafa um aðgangsupplýsingar skulu þeir óska eftir aðgangi á vefsíðunni [www.lumiconnect.com/meeting/arionbanki2023](#) eigi síðar en sólarhring fyrir aðalfundinn, eða eigi síðar en kl. 16:00 þann 14. mars 2023.

Tilkynning til eigenda SDR-heimildarskrifteina

Swedish Depository Receipts (SDR) heimildarskrifteinishöfum, sem hyggjast sækja fundinn í persónu eða með rafrænum hætti eða greiða þar atkvæði samkvæmt umboði, skulu vera skráðir í skrá Euroclear Sweden AB („Euroclear“) fyrir kl. 17:00 (CET) þann 7. mars 2023 og framkvæma annað af eftirtöldu:

- Tilkynna Skandinaviska Enskilda Banken AB („SEB“) um þátttöku á fundinum í síðasta lagi 7. mars 2023 þar um eða
- senda frumrit umboðs til SEB en það þarf að hafa borist SEB eigi síðar en 7. mars 2023.

SDR-heimildarskrifteini eru eingöngu skráð á nafn SDR-heimildarskrifteinishafa í skrá Euroclear. Eigendur SDR-heimildarskrifteina sem eru safnskráð skulu hafa SDR-heimildarskrifteini sín skráð á nafn sitt í skrá Euroclear til þess að þeim sé heimilt að sækja aðalfundinn eða greiða atkvæði samkvæmt umboði á honum. Handhafar SDR-heimildarskrifteina sem skráð eru safnskráningu skulu því óska eftir því við viðkomandi vörsluaðila að þeir verði tímabundið skráðir eigendur heimildarskrifteinananna (skráning til þess að njóta atkvæðisréttar) tímanlega fyrir atkvæðisréttindadag, sem er 7. mars 2023, hafi þeir hug á því að mæta á fundinn eða greiða atkvæði samkvæmt umboði. Skilyrði I: Eigendur SDR-heimildarskrifteina sem skráðir eru í skrá Euroclear, eða þeir sem óskað hafa eftir skráningu til þess að njóta atkvæðisréttar fyrir kl. 17:00 (CET) þann 7. mars 2023, og hyggjast mæta á aðalfundinn skulu tilkynna SEB þar um eigi síðar en 7. mars 2023. Tilkynning eigenda SDR-heimildarskrifteina um mætingu skal berast SEB skriflega stíluð á SEB, Issuer Agent, AB3, SE-106 40 Stokkhólmi, með tölvupósti á netfangið [ladarion@seb.se](#), í síma +46-8-763 55 60 eða með faxi í +46-8-763 62 50. Eigendur eru vinsamlegast beðnir um að senda fullbúna tilkynningu. Skilyrði II: Eigendur SDR-heimildarskrifteina, sem hyggjast óska eftir því að SEB greiði atkvæði fyrir þeirra hönd samkvæmt umboði, skulu senda frumrit undirritaðs umboðs með pósti eða boðsendingu þannig að það berist til SEB, Issuer Agent, AB3, SE-106 40, Stokkhólmi, heimilisfang fyrir boðsendingar (e.g. DHL Express): Råsta Strandvåg 5 169 79 Solna, eigi síðar en 7. mars 2023. Umboðs- og tilkynningarform verða aðgengileg á heimasíðu bankans [www.arionbanki.is/gm](#). Til að taka af allan vafa er athygli vakin á því að þeir SDR-heimildarskrifteinishafar sem hyggjast fá aðgangsupplýsingar til að taka þátt í atkvæðagreiðslu og kjósa rafrænt á fundinum sækja ekki um aðgang í gegnum vefsíðuna [https://www.lumiconnect.com/meeting/arionbanki2023](#) heldur með tilkynningu til SEB, sbr. I. hér að framan.

Tímabundin takmörkun á yfirfærslu SDR-heimildarskrifteina í hluti

Tímabundin takmörkun á yfirfærslu SDR-heimildarskrifteina í hluti Frá og með lokun markaða 10. mars 2023 til og með 17. mars 2023 verður óheimilt að yfirfæra SDR-heimildarskrifteini í eða úr hlutum í Arion banka.





Lögreglan bíður gagna um málið.

MYND/ADSEND

Biðin lengist í Ólafsfjarðarmáli

jonthor@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Norðurlandi eystra bíður enn gagna sem varða Ólafsfjarðarmálið. Þau varða til að mynda DNA-gögn. Þetta staðfestir Eyþór Þorbergsson, varasaksóknari hjá lögregluembættinu á Norðurlandi eystra.

Staðan er því óbreytt frá því í byrjun mánaðar, en gögnin sem um ræðir voru send til rannsóknar í Svíþjóð.

Málið varðar andlát manns sem var stunginn til bana um nótt á Ólafsfirði í byrjun október á síðasta ári. Í upphafi voru fjórir einstaklingar handteknir, en enginn þeirra er enn í gæsluvarðhaldi. Sá sem var lengst í haldi var að sögn lögreglu grunaður um að hafa átt í átökum við hinn látna, en bæði héraðsdómur og Landsréttur töldu að grunurinn væri ekki sterkur. ■

Blönduósmálið hjá saksóknara

jonthor@frettabladid.is

DÓMSMÁL Manndrápsmálið á Blönduósi er komið til skoðunar hjá saksóknara. Þetta staðfestir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari, sem útilokar ekki að málið verði sent aftur til lögreglu til viðbótar-rannsóknar.

Í síðustu viku var greint frá því að rannsókn lögreglunnar á Norðurlandi eystra væri lokið og málið því komið á borð héraðssaksóknara.

Málið varðar atburð sem átti sér stað um nótt á Blönduósi í ágúst í fyrra. Rannsókn lögreglunnar leiddi í ljós að vopnaður árásmáður hefði komið inn á heimili, skotið fjölskyldufóður og sært hann mikið, skotið eiginkonu hans til bana, en síðan hafi sonur þeirra komið til aðstoðar og lent í átökum við árásmanninn, sem lét lífið. ■

Sumarbústaðamálið er ekki ástæða uppsagnar

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND „Ég hef óskað eftir að fá skýringar á málinu í bæjarráði,“ segir Ragnar Sigurðsson, oddviti Sjálfstæðismanna, um fasteignamál Jóns Björns Hákonarsonar, fráfaraði bæjarstjóra. Verður málið tekið fyrir á fundi bæjarráðs næstkomandi mánudag.

Jón Björn segir að þetta mál sé ekki ástæða fyrir því að hann hafi sagt af sér. Hann hyggist ljúka



Það er eðlilegt að umræðan geti farið fram án þess að ég sé með einhverjar fyrir fram skýringar.

Jón Björn Hákonarson, fráfaraði bæjarstjóri Fjarðabyggðar



Jón Björn Hákonarson, fráfaraði bæjarstjóri Fjarðabyggðar

ákveðnum verkefnum áður en hann hætti störfum. „Ég er búinn að vera lengi á þessum vettvangi. Ég hef ekki gætt að mér og er orðinn þreyttur,“ segir hann.

Jón Björn segir umræðu bæjarráðs eiga eftir að fara fram en hann hafi ekki aðkomu að henni. „Það er eðlilegt að umræðan geti farið fram án þess að ég sé með einhverjar fyrir fram skýringar,“ segir Jón Björn en hann hefur ekki ákveðið hvað hann hyggst taka sér fyrir hendur næst. ■

Mengunardagar kljúfa þjóðina

Kjösendur Vinstri grænna eru langhrifnastir af því að takmarka umferð einkabíla á mestu mengunardögum. Meira en helmingur Miðflokksmanna vill ekki sjá takmarkanir.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Rúmur þriðjungur vill takmarka mikið umferð einkabíla á þeim dögum þegar loftmengun mælist mest. Alls 34 prósent. 46 prósent eru hins vegar andvíg miklum takmörkunum. Þetta kemur fram í nýrri könnun Prósents fyrir Fréttablaðið.

Mjög fáir vilja stöðva algerlega umferð einkabíla á mestu mengunardögum, það er aðeins 3 prósent. 12 prósent vilja hins vegar takmarka umferð mjög mikið og 19 prósent frekar mikið. Slétt 20 prósent tóku ekki afstöðu til takmörkunar einkabíla á mestu mengunardögum.

Rúmur fjórðungur, 27 prósent, vilja alls ekki takmarka umferð einkabíla. 10 prósent takmarka umferð mjög lítið og 9 prósent frekar lítið.


Nokkur umræða hefur verið um málefnið vegna mikillar mengunar dagana í kringum áramót. Hefur loftmengun sjaldan eða aldrei mælist jafn mikil í Reykjavík og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur kallað eftir reglugerð sem geri lögreglu kleift að ráðast í takmörkunaraðgerðir þegar slíkt ástand skapast. Það hefur Samband íslenskra sveitarfélaga einnig gert. Innviðaráðuneytið telur hins vegar rétt sveitarfélaganna skýran til að hefta umferð.

Kjösendur Vinstri grænna eru í sérflokkum þegar kemur að því að vilja takmarka umferð. 74 prósent þeirra vilja takmarka hana mikið, þar af 9 prósent alfarið. Einungis



Nagladekk eiga sinn þátt í loftmengun sem oftsinnis fer yfir heilsuverndarmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stuðningur kjósenda flokka við takmarkanir á umferð



42%

kvenna vilja miklar takmarkanir en 26 prósent karla.

6 prósent Vinstri grænna vilja alls ekki takmarka bílaumferð á mengunardögum.

59 prósent Pírata vilja takmarka umferð mikið, 56 prósent Samfylkingarfólks, 34 prósent Viðreisnarfólks, 33 prósent Sózialista, 20 prósent Framsóknarmanna, 17 prósent kjósenda Flokks fólksins, 16 prósent Sjálfstæðismanna og 11 prósent Miðflokksmanna.

Miðflokkurinn ber einmitt af í andstöðu við takmarkanir en 56 prósent þeirra vilja alls ekki takmarka umferð einkabíla á mestu mengunardögum. Viðreisnarfólk er klofnast í afstöðu sinni og 28 prósent þeirra tekur ekki afstöðu.

Töluverður munur er á kynjunum og eru konur hrifnari af takmörkunum. 42 prósent kvenna vilja miklar takmarkanir á umferð en aðeins 26 prósent karla. Rúmur þriðjungur karla, 36 prósent vilja alls engar takmarkanir en 15 prósent kvenna.

Mjög lítill munur er á aldurshópum, en fólk á aldrinum 25 til 34 er hrifnast af takmörkunum en 55 til 64 ára minnst hrifið. Lágtekjufólk, 43 prósent, er hrifnara af miklum takmörkunum en hátekjufólk, 29 prósent og íbúar höfuðborgarsvæðisins, 38 prósent, hrifnari en landsbyggðarfólk, 26 prósent.

Könnunin var netkönnun framkvæmd 27. janúar til 6. febrúar. Úrtakið var 2.400 og svarhlutfallið 51,4 prósent. ■

100% RAFKNÚINN JEEP® AVENGER

TRYGGÐU ÞÉR BÍL ÁRSINS Í FORSÖLU

Nældu þér í þennan einstaka verðlaunabíl á meðan tækifæri gefst. 400 km drægni og allt að 550 km í innanbæjarakstri.*

*Samkvæmt WLTP-staðli

FORSALA HAFIN

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep



JEEP.IS



Saltkjöt og baunir - tókall!

Í dag, sprennidag, færðu
ekta saltkjöt og baunir
fyrir gamlan tókall
- eða 895 krónur!



895,-

(eða gamall tókall)

Ókeypis ábót
á baunasúpuna

Rétturinn er aðeins
í boði frá kl. 11-19:30
á meðan birgðir endast

Verzlun opin 11-20 alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)



Ákveðnar þjónustuskerðingar innan höfuðborgarsvæðisins

benediktarnar@frettabladid.is

SAMGÖNGUR „Áhrif verkfallsins munu vera talsverð á Suðurlandi, Reykjanesi og á Vesturlandi, en kannski ekki jafn veruleg eins og við bjuggumst við í upphafi,“ segir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Olís en hann býst við að olíubirgðir á höfuðborgarsvæðinu klárast innan fimm daga.

Olís fyllti á birgðir á öllum afgreiðslustöðum um helgina þegar hlé var gert á verkfalli Eflingar. Frosti segir að fyrirkomulag á þeim undantekningum sem Efling hefur veitt sé orðið skýrara. Olís mun geta fyllt á þrjár stöðvar á höfuðborgarsvæðinu þegar núverandi birgðir klárast, í Norðlingaholti, á Langatanga í Mosfellsbæ og við Sæbrautina. En þegar birgðirnar klárast verður eingöngu



Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Olís

heimilt að afgreiða undanþáguaðila á þessum stöðvum.

„Við erum smám saman að átta okkur á því hvernig við getum nýtt þá dreifingarmöguleika sem eru til staðar utan Eflingarsvæðisins. Það eru ákveðnar stöðvar sem við höfum ekki getað fyllt á, þá sérstaklega innan stórhöfuðborgarsvæðisins. Þar hefur dreifing verið í raun alfaríð í höndum Eflingar og fyrir vikudag þá

munum við bara geta endurfyllt á þær stöðvar sem heyra undir þessar undanþágur,“ segir Frosti.

Hann segir að bensínverkfallið muni valda einhverju raski en í grófum dráttum á þetta að geta gengið.

„Skipaafgreiðslur munu geta gengið með eðlilegum hætti utan höfuðborgarsvæðisins, með ákveðnum þjónustu skerðingum á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Frosti. ■

Númerakerfið á netinu snýr ekki aftur

erlamaria@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Stefán Ari Guðmundsson, framkvæmdastjóri Læknavaktarinnar, segir að númerakerfið sem var aðgengilegt á heimasíðu Læknavaktarinnar fyrir nokkru hafi valdið því að fólk hafi frekar leitað á Læknavaktina heldur en á heilsugæslu.

„Við sáum breytta hegðun hjá fólki fljótlega eftir að númerakerfið var tekið upp. Fólk fór að nýta sér þetta á annan hátt en við lögðum upp með. Um leið og það róaðist á vaktinni rétt fyrir lokun kom alveg súpa af fólki til okkar sem hefði kannski frekar átt að nýta sér þjónustu heilsugæslu yfir daginn. Starfsfólkið okkar var því fram á nótt að klára vaktina,“ segir Stefán.

Númerakerfið hafi því verið tekið af síðunni, en að sögn Stefáns var það sett á sem tímabundin lausn þegar Covid-aðgerðir stóðu sem hæst.



Stefán Ari Guðmundsson, framkvæmdastjóri Læknavaktarinnar

„Þetta sprakk því miður aðeins í andlitið á okkur. Þetta virðist auka eftirspurn í þjónustuna sem er nú þegar í hvínandi botni og menn ráða ekki við meira. Við erum vaktþjónusta en ekki heilsugæsla,“ segir Stefán.

Að sögn Stefáns bar á talsverðri óánægju meðal almennings þegar kerfið var tekið út. Ekki sé á dagskrá að taka það upp aftur.

„Ég veit ekkert hvort af því verður og ætla ekki að lofa neinu um það. Þetta er í skoðun og verður endurmetið eftir þörfum,“ segir hann. ■

Metframlög til rannsókna hér á landi

erlamaria@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Heildarútgjöld til rannsókna og þróunarstarfs á árinu 2021 námu rúmlega 91 milljarði króna, en það jafngildir 2,8 prósent af vergri landsframleiðslu. Þetta er hæsta hlutfall útgjalda til málaflökksins af vergri landsframleiðslu sem mælt hefur frá því að Hagstofa Íslands tók við umsjón tölfræðinnar árið 2014.

Til samanburðar voru útgjöldin 72,2 milljarðar króna árið 2020 sem jafngildir tæplega tveimur og hálfu prósentu og árið á undan 70,8



Útgjöld háskólastofnana voru 23,2 milljarðar.

milljarðar sem jafngildir 2,3 prósentum. Milli ára hafa hlutfallsleg útgjöld til rannsókna og þróunar af vergri landsframleiðslu aukist um 0,33 prósentustig. ■



Aðeins höfuðborgarbúar fá næturstrætó. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Næturstrætó byrjar í Reykjavík

ser@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Næturstrætó byrjar að aka á nýjan leik um Reykjavík frá og með næsta föstudegi, en borgin hefur gert þjónustusamning við Strætó þess efnis.

Aksturinn verður þó aðeins innan borgarmarkanna, en ekki náðist samstaða í stjórn Strætó um að hefja aftur akstur næturstrætós á höfuðborgarsvæðinu.

Næturstrætó mun aka úr miðbæ Reykjavíkur samkvæmt tímaáætlun. ■



Toyota LandCruiser sprakk í Álfheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hert eftirlit með metangeymum

ser@frettabladid.is

EFTIRLIT Samgöngustofa hefur óskað eftir því við skoðunarstofur ökutækja að þær herði eftirlit með eldsneytisþrýstigeymum fyrir metangas, en sprenging varð í metangeymi bifreiðar í Reykjavík í byrjun síðustu viku.

Hertar reglur taka gildi frá og með næstu mánaðamótum og kveða á um itarlegri skoðun á þrýstigeymunum þar sem huga ber meðal annars að gildistíma og mögulegum styrkleikamissum. ■



Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafi og umsjónaraðili SES á Íslandi, og Linda Sóley Birgisdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tólf hundruð hafa nýtt sér stafræna skilnaðarráðgjöf

Um 1.200 Íslendingar hafa nýtt sér stafræna skilnaðarlausn. Lausnin er hönnuð fyrir fólk sem á barn saman og einskorðast ekki við hjón. Lausnin nýtist sérstaklega vel á landsbyggð. Danir líta nú til velgengni Íslendinga.

lovisa@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Á átján mánuðum hefur Ísland farið frá því að vera nýtt land sem notar SES í að vera best í því að nota það og setja fordæmi fyrir önnur lönd,“ segir sálfræðingurinn Sören Sander sem hannaði stafræna lausnina Samvinna eftir skilnað (SES).

Fyrir einu og hálfu ári fór af stað tilraunaverkefni í sjö sveitarfélögum á Íslandi með lausnina fyrir fólk sem á börn og er að skilja. Verkefnið hefur frá því gengið svo vel að það er búið að festa það í sessi og Danir eru farnir að líta til Íslands og velgengni okkar hér í verkefninu.

Lausnin er byggð þannig upp að hún er samsett af mörgum styttri kúrsum sem fólk getur skoðað og farið í gegnum þegar þeim hentar. Kúrarnir eru alls 18 og er í hverjum þeirra einblint á ólíkar afleiðingar skilnaðarins eins og reiði í garð fyrirverandi maka, tilfinningar barns eftir skilnað og hvernig sé hægt að skipuleggja afmæli eða viðburði í sameiningu. Langflestir sem nýta sér lausnina taka einn til sex kúrsa en þó er dreifingin nokkuð jöfn.

Sören segir að þrátt fyrir að hún hafi verið aðgengileg í Danmörku í sex ár líti Danir nú til Íslands og velgengni okkar. Nýverið var fjallað ítarlega um málið í dönskum fjölmiðlum og tekið viðtal við Ásmund Einar Dáðason ráðherra um sýn hans og hvernig hann hefur innleitt lausnina með það að markmiði að setja þarfir barna í forgang.



Þetta er í raun fyrir alla sem eiga börn eða eru að ala upp börn saman, á tveimur heimilum.

Gyða Hjartardóttir



Sören Sander

sér stað því fólk getur nýtt sér hana þegar skilnaðurinn á sér stað eða tíu árum eftir.

„Þetta er í raun fyrir alla sem eiga börn eða eru að ala upp börn saman, á tveimur heimilum,“ segir Gyða og að lausnin jafnvel nýtist þeim sem hafi skilið fyrir löngu síðan. „Barna er efni sem getur beint fólki aftur á réttan veg.“

En Sören telur að annað sem hafi haft mikil áhrif á velgengni lausnarinnar sé það að hún sé aðgengileg hvor sem er og hvenær sem er.

„Sérstaklega fyrir fólk úti á landi, í litlum bæjum, sem vill kannski ekki að það fréttist að það fari til sálfræðings eða í ráðgjöf. Eða sem getur ekki tekið sér frí í einn eða tvo daga til að fara í slíka ráðgjöf annars staðar. Það er svo gott að geta gert þetta í símanum eða tölvunni heima og enginn þarf að vita að þú ert í ráðgjöf eða að það er erfitt hjá þér vegna skilnaðar. Það er eitthvað sem hindrar það að fólk leiti sér aðstoðar“ segir hann.

Þau segja bæði að þau vilji koma lausninni að víðar og til dæmis að kennarar viti af henni en það er fólk sem oft veit fyrst af erfiðleikum para.

„Það er vinnan okkar núna. Að koma þessum upplýsingum til fagaðila sem geta svo vísað foreldrum á vefinn,“ segir Gyða og tekur dæmi um að í Danmörku hafi verið hannað póstkort sem kennarar geti afhent foreldrum sem er þá með öllum helstu upplýsingum. ■



VS



ORIGO HÖLLIN HLÍÐARENDA ÞRIÐJUDAG KL. 19:45

**DRAUMURINN UM 16 LIÐA ÚRSLIT LIFIR
KALDUR Á KRANA Í FJÓSINU FYRIR LEIK**

**HANDBOLTAUNNENDUR SNÚUM BÖKUM SAMAN
MÆTUM & STYÐJUM VALSARA TIL SIGURS!**



tix IS

Sprengidagur



Birna Dröfn
Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Á flestum tungumálum getur hvert orð haft margar merkingar, þá eru einnig til mörg orð sem merkja sama hlutinn. Í íslensku er nærtækasta dæmið líklega fjöldi orða sem til eru yfir snjó. Það þótti forðum mikilvægt að vita nákvæmlega um hvernig snjó var að ræða. Hvort það var mjöll, skari, hjarn eða kafaldi skipti miklu máli þegar fólk ferðaðist á milli bæja eða jafnvel landshluta, gangandi eða á hestum.

Annað eru svo orðin sem hafa ólíkar og mismunandi merkingar. Orðið maski hefur verið mikið á milli tannanna á fólki. Bæði hefur orðið táknað grímuna sem við þekkjum öll svo vel en svo er maski einnig eitthvað sem við setjum á húðina til að mykja hana eða hreinsa. Í gær var svo maskadagur á Ísafirði og í Bolungarvík. Annars staðar var bolludagur en fyrir vestan táknað það að maska á bolludag að klæða sig upp í búning og sníkja nammi, líkt og við hin gerum á öskudag.

Á eftir bollar- eða maskadegi kemur svo sprengidagur. Fyrir flestum táknað hann það sama. Við borðum saltkjöt og baunir, eins mikið af því og við getum, alveg þangað til við erum að springa. Hann ber upp á þriðjudegi í sjöundu viku fyrir páska.

Kona sem ég hitti um helgina kveidi svo sprengidegi, fyrir henni snerist hann ekki um að borða saltkjöt og baunir. Hann táknaði eitthvað annað og hann er ekki á morgun. Hann er á föstudaginn, sprengidagurinn 24. febrúar, dagurinn sem Rússar réðust inn í Úkraínu, heimaland hennar. Það er fyrir henni sprengidagur.

Síðan innrásin hófst er nú að verða liðið heilt ár. Innrásin hefur leitt af sér einhverja mestu flutninga fólks sem dæmi eru um undanfarna áratugi, á skömmum tíma. Milljónir manna hafa flúið heimili sín og hingað til lands höfðu í nóvember á síðasta ári komið 2.000 flóttamenn frá Úkraínu.

Það þýðir fyrir okkur tvö þúsund manns sem við þurfum að útvega atvinnuleyfi, vinnu, húsnæði og helstu nauðsynjar. En fyrir þessar tvö þúsund manneskjur þýðir það eitthvað allt annað. Þau þurftu að fara frá heimilum sínum, atvinnuleyfum, húsnæði, fjölskyldu, skóla og vinum. Flýja stríð. Koma sér alla leið hingað. Redda sér öllu og byrja upp á nýtt. Í óþekktu landi á óþekktum stað.

Tölur eru á reiki um það hversu margir hafa látist í stríðinu í Úkraínu. Tölum ber þó saman um að það eru þúsundir. Líklegt þykir að yfir sjö þúsund almennir borgara séu látnir. ■

”
Hann táknaði eitthvað annað og hann er ekki á morgun. Hann er á föstudaginn, sprengidagurinn 24. febrúar.

FRÉTTAVAKTIN
ALLA VIRKA DAGA KL. 18.30

FRÉTTA VAKTIN

HRINGBRAUT

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

Nýliði fékk nei

„Stofnanir okkar geta orðið skilvirkari, þar sem heidarleiki, gagnsæi og fyrirsjáanleiki sé í ákvörðunum,“ sagði Benedikt Erlingsson, leikari og leikstjóri, en hann benti í gær á hinn ömurlega veruleika sem kvikmyndagerðarfolk býr við. Fyrst með pistli á Facebook og svo í viðtali við Fréttablaðið. Það er nefnilega þannig, samkvæmt Benedikt, að hafi einhver fengið þá hugmynd að vilja gera bíómynd síðustu 20 árin þurfti viðkomandi að þekka Laufey Guðjónsdóttur sem hefur stýrt Kvikmyndamiðstöð Íslands í jafn mörg ár. Hún virtist eiga lokaorðið. En dómgreind hennar var ekki alltaf góð eins og sannast með mynd Benedikts, Hross í oss, sem fékk jú bara örlitinn styrk. Hann var nefnilega flokkaður nýliði.

Hættum þessu rugli

„Að heil kynslóð listamanna eigi allt undir smekk eða „vináttu“ einnar konu (eða manns), um hálfu starfsævina, er bara barbari og á ekki að viðgangast í okkar samfélagi,“ segir Benedikt en hann hefur oft þurft að skála við Laufeyju við hin ýmsu tilefni þegar Hross í oss fékk verðlaun. Nú er valdatíð hennar lokið og Gísli Snær Erlingsson tekinn við. Hvern þekkir hann til að veita myndum brautargengi? Verða hans geðþóttaákvæðanir eitthvað öðruvísi en Laufeyjar? Er ekki kominn tími til að við sem þjóð hættum þessari vinnahygli? ■

Verkbann neyðarúrræði



Halldór Benjamín Þorbergsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Viðræður í vinnudeilu Eflingar og Samtaka atvinnulífsins hafa engu skilað. Nú hefur viðræðum Samtaka atvinnulífsins við Eflingu verið slitið í annað sinn og engin lausn er í sjónmáli. Í ljósi árangurslausra viðræðna hefur stjórn SA samþykkt einróma að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu um verkban á félagsmenn í Eflingu sem starfa samkvæmt aðalkjarasamningi og veitinga- og gistingahúsasamningi SA og Eflingar.

Sú ákvörðun var hvorki einföld né léttbær. Ákvörðun um að boða til verkban var tekin að vel ígrunduðu máli enda munu umsvifamikil verkföll Eflingar lama íslenskt samfélag að stórum hluta og valda gríðarlegum kostnaði. Ábyrgðar okkar vegna getum við ekki leyft verkföllum Eflingar að taka samfélagið úr sambandi eftir úthugsuðum leiðum forystu Eflingar. Við verðum að geta náð stjórn á framkvæmd þessara verkfalla og verkban er það tæki sem vinnulöggjöfin veitir okkur og er fyrst og fremst varnaraðgerð og síðasta úrræði okkar í kjaradeilu við Eflingu.

Verkbann er neyðarúrræði atvinnurekenda og er ætlað að lágmarka tjón atvinnulífsins vegna verkfalla Eflingar. Í stað þess að Efling raski starfsemi tiltekinna fyrirtækja eða heilu atvinnugreinanna með verkföllum fárra félagsmanna munu SA með verkbaninu þrýsta á Eflingu til að ljúka yfirstandandi kjaraviðræðum.

Nú þegar hefur reynt á þanþol þess samningsramma sem legið hefur fyrir. Hvorki eru haldbær rök né sátt í samfélaginu um að félagsmenn Eflingar fái meiri hækkanir en aðrir. Stuttum kjarasamningum er ætlað að bregðast við mikilli verðbólgu og verja kaupmátt almennings án þess að valda atvinnuleysi og langvarandi verðbólgutímum á Íslandi. Slíkir tímar eru í fersku minni eldri kynslóða og þá viljum við ekki endurtaka.

Samtök atvinnulífsins hafa sýnt ríkan samningsvilja en geta ekki teygst sig lengra án þess að kollvarpa þeim kjarasamningum sem hafa verið gerðir. Að baki þeim standa tæplega 90% starfsfólks á almennum vinnu- markaði og trúnaður Samtaka atvinnulífsins liggur meðal annars hjá þessum hópi.

Krafa Eflingar um að fá meiri hækkanir en aðrir er því miður óaðgengileg. Samtökum atvinnulífsins er því nauðugur sá kostur að grípa til þeirra varnaraðgerða sem vinnulöggjöfin heimilar. Ábyrgð SA er mikil og fordæmalaus staða kallar á fordæmalausar aðgerðir. ■



Krafa Eflingar um að fá meiri hækkanir en aðrir er því miður óaðgengileg.

Laun hækka en góður hagnaður

Knattspyrnusamband Ísland hefur birt ársreikning sinn fyrir árið 2022. Hagnaður var á rekstri sambandsins og skuldir þess jukust lítillega milli ára. Kostnaður við íslensku landsliðin jókst verulega milli ára og þá jókst kostnaður sambandsins við mótahald. Að sama skapi heldur sú þróun áfram að launakostnaður KSÍ eykst.

aron@frettabladid.is



Hagnaður: 156,8 m.kr.

Eftir taprekstur árið 2021 vænkaðist staða KSÍ árið 2022 með hagnaði upp á 156,8 m.kr. Eigið fé sambandsins stendur nú í rúmum 866 m.kr.



Skuldir: 684,9 m.kr.

- Allt í allt aukast skuldir KSÍ um rúmar 2,4 milljónir milli ára.
- Þar af aukast viðskiptaskuldir sambandsins um rúmar 58,6 m.kr. milli ára og má finna þá aukningu í innlendum viðskiptaskuldum.



Laugardalsvöllur rekinn með tapi

- Alls nam tap ársins af rekstri Laugardalsvallar um 13,8 milljónum króna samanborið við tap upp á rúmar 6,4 m.kr. árið 2021
- Eigið fé Laugardalsvallar í árslok 2022 var neikvætt um 23,5 m.kr. en var neikvætt um 10,8 m.kr í ársbyrjun.
- Rekstrartekjur vallarins voru hins vegar rúmum 4 m.kr. yfir áætlun og námu um 67 m.kr. en helstu tekjulindir KSÍ í tengslum við völlinn felast í framlagi frá Reykjavíkurborg, vallahleigu sem og öðrum viðburðum.



Tekjur vegna sjónvarpsréttar: 504,6 m.kr.

- Áætlanir KSÍ vegna tekna af sjónvarpsrétti fyrir árið 2022 höfðu gert ráð fyrir um 359 milljónum króna í tekjur en þær höfðu verið 303 milljónir króna árið áður.
- Stökkið sem greina má í þessum tilteknu tekjum koma til vegna uppgjörs á sjónvarpsréttargreiðslum vegna tímabilsins 2018-2022.



Kostnaður við landslið: 931 m.kr.

- Heildarkostnaður KSÍ við rekstur landsliða sinna fór um 60 m.kr. fram úr áætlun en 871 m.kr. hafði verið áætluð í þennan lið. Helstu frávik frá áætlun megi meðal annars finna í auknum fjölda verkefna A-landsliðs karla í nóvember á síðasta ári sem og þátttöku A-landsliðs kvenna á EM en þar kom m.a. til aukinn kostnaður vegna Covid-reglugerða.
- Allt í allt eykst kostnaður við landsliðin um 190 m.kr. milli ára en hafa ber í huga að A-landslið kvenna tók þátt á Evrópumótinu í knattspyrnu árið 2022.

Laun og launatengd gjöld: 256 m.kr.

- Laun og launatengd gjöld skrifstofu KSÍ aukast um rúmar 26 m.kr. milli ára og standa nú í 256 milljónum en voru í árslok 2021 rúmar 230 m.kr. Helstu ástæðu hækunarinnar má greina í hreinum launakostnaði sambandsins sem eykst um rúmar 17,4 m.kr.
- Launakostnaður sambandsins fór 5% fram yfir áætlun og segir í greinargerð sambandsins að sú framúrkeyrsla skýrist meðal annars af eftirfarandi þáttum: Lögbundnum launahækkunum, uppbót til starfsmanna, starfsmannabreytingum og uppgjöri orlofs.

Formaður KSÍ: 19,5 m.kr.

Laun og bifreiðastyrkur til formanns KSÍ, Vöndu Sigurgeirsdóttur, námu um 19,5 m.kr. árið 2022. Sé því deilt niður á tólf mánuði nemur það um 1,6 m.kr. á mánuði.



Framkvæmdastjóri KSÍ: 17,2 m.kr.

Laun og bifreiðastyrkur til framkvæmdastjóra KSÍ, Klöru Bjartmarz, árið 2022 námu um 17,2 m.kr. Sé því deilt niður á tólf mánuði nemur það um 1,4 m.kr. á mánuði.



Kostnaður við mótahald: 245 m.kr.

Kostnaður KSÍ við mótahald eykst um tæpar 32 m.kr. á milli ára og segir í greinargerð KSÍ með ársreikningi að helstu skýringarnar á þessu felast í framlagi til Íslensks toppfótbolta sem ekki var gert ráð fyrir. Þá var aukinn kostnaður við uppsetningu á Media Hub, miðlægrri staf-rænni þjónustu.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 21. febrúar 2023



Hlaupið með pönnuköku.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Pönnukökudagur

sandragudrun@frettabladid.is

Þau sem vilja helst hafa fleiri sæta-brauðsdaga eins og bolludaginn, en eru lítið spennt fyrir saltkjöti og baunum, gleðjast eflaust við þær fréttir að í Bretlandi er pönnukökudagurinn í dag. Því ekki að taka upp breskar hefðir, líkt og allar þær bandarísku hefðir sem verða sívinsælli hér á landi, og baka pönnukökur að breskum sið í dag? Hefðbundnar breskar pönnukökur eru þunnar líkt og þær íslensku og borðaðar með sykri og sítrónu eða sírópi. Pönnukakan á sér mjög langa sögu í Bretlandi og er að finna í matreiðslubókum allt aftur til ársins 1439. Pönnukökudagurinn tengist föstunni, líkt og sprengidagur á Íslandi. Þetta var síðasti dagurinn sem mátti neyta eggja og fitu áður en fastan hófst og því tilvalið að klára birgðirnar með því að baka pönnukökur.

Hlaupa með pönnu

Líta má á innihaldsefnið í pönnukökum sem tákni fyrir mikilvæg hugtök á föstunni. Eggin tákna sköpun, hveitið tákna lífsins brauð, saltið tákna heilnæmi og mjólkinn hreinleika. Sums staðar í Bretlandi er haldið pönnukökuhlaup á pönnukökudaginn. Þá hlaupa þátttakendur oft klæddir einhverskonar búningum eða með svuntur og halda á pönnukökupönnu. Á pönnunni er pönnukaka sem hlaupararnir snúa á pönnunni um leið og þeir hlaupa. ■



Tónlistarmaðurinn Franz Gunnarsson lýsir stíl sínum sem naumhyggju. Hann vill ekki hafa óparfa muni í öllum rýmum heimilisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hljóðheimur frá annarri plánetu

Franz Gunnarsson tónlistarmaður leggur mikla áherslu á hreint heimili og góðan anda fram yfir dýrar hönnunarvörur. Næstu helgi mun hann ásamt einvala liði tónlistarmanna flytja bestu lög Radiohead á Húrra í Reykjavík og á Græna hattinum á Akureyri. **2**

Alla daga
gegn kulda og sólApótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Starri Freyr
Jónsson
starri

@frettabladid.is

Þótt Franz Gunnarsson liti á hreint heimili sem fallegt heimili segir hann það stundum erfitt verkefni enda sé hann einstæður faðir. „Fyrst og fremst reyni ég þó að hafa heimilið eins hreint og hægt er. Einnig skiptir það miklu máli að andinn sé góður þannig að gestum líði vel í ástríku rými, fremur en að það sé fullt af iittala-vösum og Aalto-húsgögnum,“ segir Franz sem býr í Árbænum í Reykjavík.

Hann lýsir stíl sínum sem naumhyggju og hann vilji ekki hafa óþarfa muni í öllum rýmum enda varla pláss hvort eð er. „Praktíkin ræður ríkjum enda er heimilið mitt líka skrifstofa og æfingaaðstaða þannig að ég er ekki mikið að versla inn Baccarat- eða Georg Jensen-muni. En það mun örugglega breytast ef ég fer í stærra rými.“

Elskar sturtubaðið sitt

Hann segist vera sémilega handlaginn heima fyrir og reyni að græja sjálfur það sem þarf hverju sinni. „Ég reyni að redda mér eftir fremsta megni en ég er svo rosalega heppinn að hafa handlaginn þabba í næstu götu við mig sem er alltaf til í að koma og bjarga stráknum sínum ef ég kem mér í ógöngur.“

Aðspurður hvað sé í mestu upphaldi heima hjá honum segir hann það vera sturtubaðið sitt. „Ég elska að fara í sturtu á morgnana en í það á kvöldin þannig að hafa þaðherbergi sem býður upp á bæði er svo sannarlega munadur fyrir mér.“

Það eru alltaf einhverjar hugmyndir í gangi varðandi framkvæmdir og fleira heima fyrir að hans sögn. „Ég er að plana að fara í að lappa upp á eldhúsinnettunguna, mála heimilið og svo taka þaðherbergið í gegn. En fyrst ætla ég að kaupa nýjan sófa fyrir stofuna.“

Franz Gunnarsson sýnir lesendum hér nokkra fallega muni frá heimili sínu.

Elskar allar plöturnar

Allar helstu perlu hljómsveitarinnar Radiohead verða fluttar á tónleikum næsta föstudag á Húrra í Reykjavík og daginn eftir á Græna hattinum á Akureyri. Þetta er í annað sinn sem tónlistarmaðurinn Franz Gunnarsson og félagar hans halda slíka tónleika en þeir fyrstu voru haldnir árið 2019 og vöktu mikla lukku meðal tónleikagesta.

„Við ætlum að koma víða við og leika lög af flestum plötum sveitarinnar,“ segir Franz. „Þetta er nokkuð jafnt á milli platna en sumar plötur eins og OK Computer og The Bends fá kannski aðeins meiri ást í prógramminu. En



Heimili Franz er fullt af kassa- og rafmagnsgíturum og bössum. Þeir eru ekki einungis til notkunar heldur eru líka stofudjásn sem taka mest allt veggplássið. Hér má sjá nokkra af gripunum.



Þennan stjaka fékk Franz í afmælisgjöf frá vini sínum fyrir mörgum árum. Persónuleg og falleg gjöf.

við elskum allar plöturnar og ég er ekki frá því að allar eigi þær fulltrúa í dagskránni hjá okkur á föstudag. Satt að segja þá erum við enn þá að pæla í að bæta inn lögum því það eru bara svo mörg geggjuð Radiohead-lög til. Þetta er því gullið tækifæri til að upplifa lög Radiohead sem er að okkar mati ein af merkustu hljómsveitum heims í dag.“

Utan Franz skipa hljómsveitina Eyþór Ingi Gunnlaugsson sem syngur og spilar á gítar, Þorbjörn Sigurðsson sem leikur á hljómborð og gítar auk þess að syngja líka, Hálfðán Árnason sem spilar á bassa og syngur og Skúli Gíslason á trommur auk þess að sjá um forritun. Franz leikur sjálfur á gítar og syngur einnig.

Krefjandi tónleikar

Undirbúningur fyrir tónleikana hefur gengið vel að sögn Franz. „Það er góður gangur í þessu hjá okkur. Við hittumst aðeins um síðustu helgi til að renna yfir prógrammið og það gekk furðu vel miðað við fyrsta rennsli. Svo höfum við hist og tekið æfingar í síðustu viku til að þetta radírnar og höldum því áfram fram að tónleikum.“

Franz hefur komið nálægt fjölmörgum sambærilegum tónleikum þar sem hann og sveit hans flytja lög eftir þekktar rokk sveitir. „Þessir tónleikar með lögum



Myndin til vinstri er útprentun á myndrænu formi lags sem fjallar um Franz. Hin er teiknuð af Hugleiki Dagsyni og sýnir Franz með gítarinn á kletti.



Franz erfði þennan fallega vasa frá ömmu sinni. Hann er um leið dýrmæt tenging við ömmu hans.

Radiohead eru þó aðeins öðruvísi en fyrri tónleikar þar sem þessi sveit er margslungin í lagasmíðum og þeim hljóðheimi sem hún framleiðir. Það er einfaldlega meira krefjandi að flytja þessi lög en þá líka mun meiri ánægja að leika þau fyrir vikið.“

Stórmerkileg sveit

Fyrir honum er Radiohead stórmerkileg sveit fyrir margra hluta sakir. „Sveitin mun fá stóran sess í rokksögunni og ekki bara vegna lagasmíða heldur ekki síður hvernig þeir gera hlutina. Til dæmis hvernig þeir kolefnisjafna fótspor hljómsveitarinnar eða hvernig þeir komu með nýjar nálganir á útgáformið eins og að leyfa fólki að ráða hvað það borgaði fyrir In Rainbows-plötuna.“

Aðspurður um upphalds lag og plötu með Radiohead segir hann

Þessir tónleikar með lögum Radiohead eru þó aðeins öðruvísi en fyrri tónleikar þar sem þessi sveit er margslungin í lagasmíðum.

erfitt að svara því. „Ætli ég verði ekki að segja að lagið sé Paranoid Android af plötunni OK Computer því það hefur svo mikið fram að færa. Lagið er geggjuð lagasmíð með gullfallegum söngmelóðíum, er með epískan millikafla og ádeilutexta og hljóðheim frá annarri plánetu. Undanfarin ár hefur platan In Rainbows frá árinu 2007 plantað sér í fyrsta sætið sem besta plata þeirra að mínu mati. Hún einfaldlega snertir eitthvað innra með mér og ég tárast alltaf yfir fegurðinni í lagasmíðunum.“

Margt spennandi í vændum

Fjölmargt spennandi er á dagskrá hjá Franz í ár. „Eftir að Radiohead-rokkmessan klárast fer ég strax í að undirbúa Foo Fighters-rokkmessu sem verður haldin 24. mars á Akureyri og 1. apríl í Reykjavík. Svo verður AC/DC-rokkmessa í Reykjavík 6. maí en eftir hana sný ég mér að undirbúningi stærri viðburða því Nordic Live Events, sem ég vinn hjá, stendur fyrir tónleikum með Eros Ramazzotti í Laugardalshöllinni í ágúst og einnig tónleikasýningu úr Hárinu í október svo eitthvað sé nefnt.“ ■

Hægt er að kaupa miða á tónleikana á midix.is og á graenihatturinn.is.



Léttari liðir

Undraefni fyrir liði brjósk og bein

Einstök virkni **sæbjúnaextrakts** úr íslensku hafi

partur af lífinu

PROTIS

liðir

VERNDAR LIÐI, BEIN OG BRJÓSK

120 hyki

Íslenskt tækisvæðing

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgafandi: Torg ehf. Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsson, gummih@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



Prinsinn og prinsessan vöktu mikla athygli þegar þau komu á BAFTA-verðlaunafhendinguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í svarthvítu á BAFTA-hátíðinni

elin@frettabladid.is

Það var mikið um dýrðir í London á sunnudag þegar BATA-verðlaunafhendingin fór fram. Margar Hollywood-stjörnur gengu rauða dregilinn sem vöktu athygli en þó ekki eins mikla og þegar Vilhjálmur prins og Katrín eiginkona hans mættu á svæðið.

Hjónin voru klædd í svart og hvítt. Prinsinn í glæsilegum flauels-smóking frá Tom Ford en prinsessan í hvítum síðum kjól frá Alexander McQueen með háa svarta hanska. Tímaritið Hello segir að prinsessan sé að endurnýta kjólinn því hún hafi áður sést í honum, þó með örlitlum breytingum. Svörtu hanskanir gefa útlitinu nýtt yfirbragð. Það ætti sannarlega að teljast jákvætt ef kóngafólkið notar fötin sín oftar en einu sinni. Þá bent tímaritið á að Katrín væri með ódýra eyrnalokka frá Zöru.

Vilhjálmur prins sem er fertugur hefur verið forseti BAFTA frá árinu 2010. ■



Gammar og Jóhann Helgason koma fram á tónleikum á morgun í Hörpu.

Djass í Hörpu

starri@frettabladid.is

Næstu tónleikar Jazzklúbbsins Múlans verða haldnir á morgun miðvikudag á Björtuloftum í Hörpu. Þar kemur fram hljómsveitin Gammar ásamt söngvaranum Jóhanni Helgasyoni.

Gammar er íslensk djassrokk-sveit sem hefur verið leiðandi í djass-rokk senunni um árabil. Sveitin hefur gefið út fjórar plötur með frumsaminni tónlist og hefur komið fram á ýmsum stöðum innanlands og víða í Evrópu. Hljómsveitin er skipuð þáulreyndum tónlistarmönnum, þar á meðal stofnanda hennar Birni Thorodd-sen gítarleikara og Þóri Baldurssyni sem leikur á píanó og orgel.

Jóhann Helgason söngvara þarf vart að kynna fyrir landsmönnum enda einn fjölhæfasti og afkastamesti lagahöfundur og flytjandi Íslands. Auk sólóferilsins hefur Jóhann einnig starfað með mörgum vinsælum hljómsveitum og flytjendum og hafa mörg laga hans notið mikilla vinsælda og verið í efsta sæti lagalista útvarpsstöðva um langt skeið.

Tónleikarnir hefjast kl. 20. Miðaverð er 3.900 kr. og 2.700 kr. fyrir nemendur og eldri borgara. Miðar fást í miðasölu Hörpu. ■

Svona sjóðum við egginn

thordisg@frettabladid.is

Það er einfalt að sjóða egg en ekki er allt sem sýnist eigi útkoman að verða góð. Suðutími á eggjum fer eftir stærð eggjanna og hér miðað við meðalstór egg, 60 til 65 grömm.

Aðferð 1:

Egg beint úr ísskáp fara í pott með köldu vatni. Látið suðuna koma upp og lækkið hitann. Suðutíminn fer eftir því hvernig við viljum hafa egginn.

Linsöðin egg: 4-5 mínútur.

Meðalsoðin egg: 7 mínútur.

Harðsoðin egg: 10 mínútur.



Aðferð 2 (orkusparandi):

Setjið 4 til 6 matskeiðar af köldu vatni í pott, egginn út í og lok yfir. Látið suðuna koma vel upp.

Slökkið á plötunni og látið

pottinn standa áfram á henni. Nú sýður gufan egginn.

Linsöðin egg: 6 mínútur.

Meðalsoðin egg: 9 mínútur.

Harðsoðin egg: 12 mínútur.

Egg eru fullt hús matar og jafn gómsæt linsöðin, meðalsoðin og harðsoðin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gott að vita:

- Mikilvægt er að setja egg strax í iskalt vatn að suðu lokinni. Annars halda þau áfram að sjóða og rauðan verður grænleit.
- Geyma má harðsoðin egg í allt að vikutíma í ísskáp.
- Setjið nokkur korn af grófu salti í vatnið. Þannig minnka líkur á að egginn springi í suðu.
- Miserfitt er að ná eggjaskurn af soðnum eggjum, sérstaklega glænýjum. Eftir því sem egg eldast myndast loftgöt í skurnina og auðveldara er að ná henni af. ■

HEIMILD: LEIDBEININGASTOD.IS



Lóðir fyrir skapandi greinar í Gufunesi

Reykjavíkurborg auglýsir eftir fyrirtækjum á sviði skapandi greina sem eru áhugasöm um að staðsetja sig í Gufunesi

Reykjavíkurborg er að þróa einstakt hverfi fyrir skapandi greinar í Gufunesi þar sem íbúðabyggð blandast saman við spennandi atvinnugreinar framtíðarinnar í frábærum tengslum við náttúruna með útsýni til Esjunnar og Viðeyjar.

Uppbygging á fyrsta áfanga svæðisins er í fullum gangi, hundruðir íbúða eru á byggingarstigi og fyrstu íbúar þegar fluttir inn auk þess sem nokkur fyrirtæki hafa hafið starfsemi á svæðinu.

Skipulagsvinna fyrir næsta áfanga hverfisins er hafin og stefnt að því að rammaskipulag verði samþykkt á árinu. Ekki er verið að auglýsa eftir áhuga á lóðum undir íbúðarhúsnæði og verða slíkar lóðir auglýstar á síðari stigum. Það er þó opið fyrir því að allt að 20% lóðar sé nýtt undir íbúðarhúsnæði að því gefnu að það tengist skapandi starfsemi.

Tilgangurinn er að skapa tækifæri til þess að tryggja að í nýju skipulagi verði til staðar lóðir sem henta áhugasömum fyrirtækjum sem koma með sköpunarkraft og áhugaverða áfangastaði inn í hverfið.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ákveða hvort hugmyndir sem berast verði kveikja að samstarfi eða samningum um lóðir á svæðinu og þá um leið að þær verði hluti af forsendum fyrirhugaðs skipulags. Mögulegir samningar um lóðir á svæðinu verða gerðir á markaðsforsendum. Tekið verður tillit til rekstrarsögu og fjárfestingargetu við mat á vænleika verkefna. Ef af lóðarúthlutun verður þá mun kvöð varðandi skapandi starfsemi verða sett á lóðina.

Áhugasamir sendi inn erindi á netfangið athafnaborgin@reykjavik.is merkt „Gufunes – áfangi 2“ þar sem lýst er væntanlegri starfsemi, æskilegri stærð lóðar og vænt byggingarmagn. Frestur er til loka dags 1. mars 2023.

Nánari upplýsingar má nálgast á reykjavik.is/gufunes-hugmyndir

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSADSTOD -
BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtals-
aðstoð og fyrirtækjum alhliða
bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
alafur@retta.is



Hins sögu- og
vörðunarsnúa

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁMIÐILL
ER BYRJUÐ AFTUR

• SPÁÍ SPIL OG KRISTALSKÚLU
MED HJÁLPI AÐ HANDAN
• HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTTI
S. 5574391

Keypt
& Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

GEFÐU
HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

SKIPULAGSAUGLÝSING

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 40. gr. sömu laga eru hér með auglýstar lýsing að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og þrjár lýsingar að nýjum deiliskipulögum í Borgarbyggð.

Breyting á legu þjóðveggar við Borgarnes

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 9. febrúar 2023 að auglýsa lýsingu að breytingu á aðalskipulagi fyrir breytingu á legu þjóðveggar við Borgarnes.

Flótagata Munaðarnesi (Inr. 134915)

Stuttárbotnar Húsafelli 3 (Inr. 134495)

Englandslaug í landi Englands (Inr. 134330)

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar svk. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti þann 3. febrúar að auglýsa lýsingu að nýjum deiliskipulögum í Borgarbyggð; fyrir Flótagötu í Munaðarnesi, Stuttárbotna Húsafelli 3 og Englandslaug í Englandi.

Ofangreindar lýsingar eru aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is frá 21. febrúar til og með 9. mars 2023.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingar við auglýstar skipulagslýsingar og er frestur til að skila inn ábendingum til 9. mars 2023.

Ábendingum skal skila skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@borgarbyggd.is.

Borgarbyggð, 21. febrúar 2023
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.



BORGARBYGGÐ

INNFELLDIR LOFTVENTLAR



LOFTVENTLAR SEM FALLA INN Í GIFSPLÖTUR



Íshúsið



viftur.is

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
há eftirfarandi fyrirtækjum



DORMA



VÍDD



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum nema Skovby, af þeim eru 15% afsláttur. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum.
Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum.
Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum.
Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum.
ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.



Bæjarlind 4 - Sími: 510 7900 - www.fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

+

Ástkær eiginkona mín, móðir, amma, tengdamóðir, systir og mágkona,

Anna Karólína Þorsteinsdóttir
sérkennari,
Viðigrund 17, 200 Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 19. febrúar sl. í faðmi fjölskyldunnar. Útför fer fram í kyrrþey.

Guðbergur Rúnarsson
Jóhann Rúnar Guðbergsson
Garðar Thor Guðbergsson
Elsa Kristín Guðbergsdóttir
Garðar Þorsteinsson
Rannveig María Þorsteinsdóttir
börn og barnabörn

Guðrún Huld Birgisdóttir
Laufey Yr Hákonardóttir
Sturla Þorvaldsson
Ásta Gestsdóttir

+

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Páls Guðlaugssonar
vélstjóra frá Tálknafirði,

sem lést 24. janúar sl.
Útförin fór fram í kyrrþey 15. febrúar sl.

Hjartans kveðjur,
Ásta Torfadóttir

Ævar Pálsson
Bjarki Pálsson
Rúnar Pálsson
Viðar Pálsson
Hákonía Jóhanna Pálsdóttir
afa- og langafabörn

Sóley Guðmundsdóttir
Sigurrós Helga Ólafsdóttir
Deborah Eaves
Robin Angeley

Útfararstofa Íslands
www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455

+

Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta i yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Upp í munn og ofan í maga

Þjóðfræðinemar við háskólann efna til árlegs málþings á Hólma- vík í kvöld undir heitinu Upp í munn og ofan í maga þar sem ýmsir kimar matarmenningar verða skoðaðir.

arnartomas@frettabladid.is

Sú hefð hefur spröttið upp hjá Þjóðfræðistofu - Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Hólma vík á undanföllum árum að nemendur í Þjóðfræði skipuleggja þar og halda málþing. Meistaraneimarnir eru þar staddir í vinnubúðum í þrjá daga og er hluti af verkefnum þeirra þar að skipuleggja viðburðinn. „Í ár varð matur og matarmenning fyrir valinu,“ segir Jón Jónsson, þjóðfræðingur á Þjóðfræðistofu. „Það eru ýmsar hliðar matarmenningar barna í gangi.“

Erindin í ár eru vissulega fjölbreytt en þau spanna allt frá rammislenskum síðum eins og verkun á hákarli og Þjóðfræði, hlutverk matar í þjóðsögum og sprengidaginn og yfir í mukbang, kóreska fyrirbærið sem snýst um að borða mat í beinni útsendingu, oft í óhöflegu magni.

Málþingið fer nú fram á Kaffi Galdri og er þetta í fjórða skipti sem slíkur viðburður er haldinn. Jón segir málþingið vera góðan stað fyrir nemana til að æfa sig að flytja fyrirlestra en íbúar á svæðinu hafa einnig verið duglegir að líta við. „Það er góður hópur sem kemur alltaf á þessa viðburði og þetta er vinveitt og afslappað umhverfi,“ útskýrir hann. „Barna koma áhugamenn um þjóðfræði og annað góðviljað Strandafólk til að hlusta. Það myndast oft áhugaverðar og fjörugar umræður.“ Í ár hittir málþingið á sprengidag og er Jón viss um að ein af súpunum sem boðið er upp á hjá Kaffi Galdri verði í samræmi við það.

Þjóðfræðistofa hefur nú verið starfrækt frá árinu 2016 og líkt og heitið gefur til kynna eru rannsóknir í þjóðfræði í öndvegi þar á bæ. Starfsmenn á setrinu eru þrír og eru stærstu verkefni í dag tengd islenskri þjóðtrú, gömlum ljósmyndum og gömlum dagbókum. „Við erum líka í alls konar örnefnarannsóknum, verkefnum tengdum landslagi og menningarlandslagi,“ segir Jón. „Þetta er fjölbreytt efni sem við vinnum með og mikil áhersla á miðlun á þessum fróðleik öllum, hvort sem það eru málþing, útgáfa á bókum, sýningar eða eitthvað slíkt.“



Strandafólk er duglegt að sækja málþingin þar sem skipast oft fjörlegar umræður.

MYND/ADSEND



Suðurkóreska fyrirbærið mukbang hefur náð miklum vinsældum á undanföllum áratug.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Hvað er mukbang?

Kóreska orðið mukbang er samssett úr orðum sem merkja að borða og að varpa og mætti því íslenska sem „átvarp“. Líkt og nafnið gefur til kynna er um að ræða viðburð þar sem fólk fylgist með manneskju borða eitthvað í beinni útsendingu, oft í óhöflegu magni.

Fyrirbærið er suðurkórskt að uppruna og náði vinsældum þar í kringum árið 2010 en hefur mukbang síðan þá vaxið til muna og

teygt anga sína út um allan heim. Í dag fylgjast milljónir manns viðs vegar um allar jarðir með uppáhalds áhrifavöldum sínum gúfna í sig hinu og þessu.

Þar sem átvöglin ná oft til stórs áhorfendahóps þá getur mukbang verið ansi arðbært fyrir áhrifavaldinn í formi auglýsinga og kostunar en fyrirbærið hefur fengið á sig vaxandi gagnrýni samhliða aukinni vitundarvakningu um matarsóun.

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ragna Erlendsdóttir
frá Þorlákshöfn,
verður jarðsungen frá Þorlákskirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 14.

Linda Björg Sigurðardóttir
Guðlaug Sigurðardóttir
Jónas Sigurðsson

Björgvin Jón Bjarnason
Áslaug Hanna
og fjölskyldur

+

Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur og bróðir okkar,
Ármann Einarsson
Básahrauni 44, Þorlákshöfn,
lést föstudaginn 10. febrúar á gjörgæsludeild Landspítalans.
Útför hans fer fram laugardaginn 25. febrúar kl. 13.30 í Þorlákskirkju. Útförinni verður streymt á <http://promynd.is/armanneinars> og einnig má nálgast hlekk á streymi á mbl.is/andlat

Linda Ósk Jónsdóttir
Unnur Rós Ármannsdóttir
Guðmundur J. Ármannsson
Jón Þór Eyjólfsson

Einar Friðrik Sigurðsson
Eydis Einarisdóttir
Sóley Einarisdóttir

Helga Jónsdóttir
Jörgen Jörgensen
Guðbjartur Örn Einarsson
og frændsystkin

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför
Kristins Daniels Hafliðasonar
vélstjóra.
Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir góða umönnun og hlýhug. Einnig er Vélstjórafélaginu þakkað.

Haldóra Kristín M. Kristinsd. Guðmundur R. Þórisson
Hafliði Brands Kristinsson
Lárus Lárusson

Nathanicha Catchama
Anna Jóna Óskarsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn

+

Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Birgir Bjarnason
framkvæmdastjóri,
Holtagerði 76, Kópavogi,
lést í faðmi fjölskyldu sinnar á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 7. febrúar síðastliðinn. Útför hans verður gerð frá Lindakirkju miðvikudaginn 22. febrúar klukkan 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósíð. Innilegar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans fyrir góða umönnun og hlýhug.

Guðbjörg Sigmundsdóttir
Íris Björg Birgisdóttir
Gísli Heiðar Bjarnason
Ágústa Birgisdóttir
Eliás Halldór Bjarnason

Gunnþór Steinar Jónsson
Anna Elín Kjartansdóttir
Guðni Þórarinnson
Helga Arnalds
barnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

CINTAMANI

Ertu klár í gönguna?

SJÓNVAÞSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 **Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 **Heilsubraut** Heilsan frá ýmsum hliðum í umsjón Helgu Maríu.
- 20.00 **Bærinn minn** Bærinn minn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland. (e)
- 20.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá (e)
- 21.00 **Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. (e)

SJÓNVARP SÍMANS

- 12.00 **Dr. Phil**
- 12.40 **The Late Late Show**
- 13.19 **The Block**
- 14.28 **Love Island**
- 15.50 **Million Pound...**
- 16.55 **Survivor**
- 17.40 **Dr. Phil**
- 18.25 **The Late Late Show**
- 19.10 **The Block**
- 20.10 **Heartland** Dramatísk þáttaröð sem segir frá fjölskyldu sem býr á búgarði í Alberta-fylkinu í Kanada og lif þeirra saman í gegnum súrt og sætt.
- 21.00 **FBI**
- 21.50 **Love Island**
- 22.35 **The Man Who Fell to Earth**
- 23.25 **The Late Late Show**
- 00.10 **NCIS**
- 00.55 **NCIS. New Orleans**
- 01.40 **New Amsterdam**
- 02.20 **Good Trouble**
- 03.05 **Love Island**
- 03.50 **Tónlist**

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 **Fréttir með táknmalstúlkun**
- 13.25 **Heimaleikfimi**
- 13.35 **Kastljós**
- 14.00 **Útsvar 2017-2018**
- 15.10 **Ímynd**
- 15.40 **Kiljan**
- 16.20 **Menningarvikan**
- 16.50 **Íslendingar** Sigurður Sigurðsson var fyrsti ípróttafréttamaður Sjónvarpsins en hann starfaði við Ríkisútvarpið í 37 ár. Fyrir daga Sjónvarpsins var hann þjóðkunnur fyrir lýsingar sínar frá ípróttaviðburðum í Útvarpinu.
- 17.45 **Núvitund í náttúrunni**
- 17.55 **Landvarðalíf**
- 18.00 **KrakkaRÚV**
- 18.01 **Pósturinn Páll**
- 18.16 **Jasmin & Jómí**
- 18.23 **Drónarar**
- 18.45 **Krakkafréttir**
- 18.50 **Lag dagsins**
- 19.00 **Fréttir**
- 19.25 **Íþróttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.35 **Kastljós**
- 20.05 **7,7 milljarðar jarðarbúa og fer fjölgandi** Heimildarmynd frá BBC. Á jörðinni búa um 7,7 milljarðar. Þessum fjölda og óábyrgri neyslumenningu fólks fylgja loftslagsbreytingar og önnur umhverfisvá. Hvað þurfum við að gera til að jörðin verði örugglega byggileg fyrir komandi kynslóðir?
- 21.00 **Síðasta konungsríkið**
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Kveikjupunktur**
- 23.05 **Synd og skómm**
- 23.50 **Dagskrárlok**
- 07.55 **Heimsókn**
- 08.15 **Grand Designs. Sweden**
- 09.00 **Bold and the Beautiful**
- 09.25 **Blindur bakstur**
- 10.00 **Punky Brewster**
- 10.20 **Fyrsta blikið**
- 10.55 **Conversations with Friends**
- 11.25 **Simpson-fjölskyldan**
- 11.45 **Amazing Grace**
- 12.35 **Franklin & Bash**
- 13.15 **10 Years Younger in 10 Days**
- 14.00 **Backyard Envy**
- 14.40 **Wipeout**
- 15.20 **Manifest**
- 16.00 **Girls5eva** Eins smells-stelpuband frá tíunda áratugnum fær nýtt tækifæri.
- 16.30 **Um land allt**
- 17.10 **Rax Augnablik**
- 17.20 **Franklin & Bash**
- 18.00 **Bold and the Beautiful**
- 18.25 **Veður**
- 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 **Sportpakinn**
- 18.55 **Ísland í dag**
- 19.10 **Jamie's One Pan Wonders** Jamie sýnir okkur hvernig hægt er að elda einfalda og gómsæta rétti á aðeins einni pönnu eða potti án þess að það komi niður á gæðunum.
- 19.35 **Masterchef USA**
- 20.15 **After the Trial**
- 21.10 **Magnum P.I.**
- 21.50 **Unforgettable**
- 22.30 **Family Law**
- 23.15 **The Resort**
- 23.50 **Tell Me Your Secrets**
- 00.35 **Amazing Grace**
- 01.20 **Manifest**
- 02.05 **Conversations with Friends**
- 02.30 **Girls5eva**
- 03.00 **10 Years Younger in 10 Days**

Heimilislegur vinnustaður sóttur heim

Í Mat og heimili í kvöld heim-sækir Sjöfn Þórðar vinnustað Elínar Maríu Björnsdóttur, Controlant, en Elín er framkvæmdastjóri manna-auðssviðs. Elín og samstarfsmenn hennar hafa lagt sitt af mörkum til að gera aðstöðuna í vinnunni sem heimilislegasta til að tryggja vel-liðan starfsfólks. Sjöfn heimsækir einnig Jón Bjarna Kristjánsson, lögfræðing hjá Fjöleignum, sem bjóða upp á heildarlausnir fyrir húsfélög. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 feldur
- 5 tímabil
- 6 öxull
- 8 klaufska
- 10 kusk
- 11 runa
- 12 bágindi
- 13 frumeind
- 15 hitta
- 17 skrípaleikrit

LÓÐRÉTT

- 1 súlur
- 2 mælieining
- 3 svelgur
- 4 nirfill
- 7 kurteisi
- 9 argar
- 12 panta
- 14 seinka
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 skinn, 5 tö, 6 ás, 8 ólagri, 10 í, 11 röð, 12 bas, 13 atóm, 15 rekast, 17 farsti. LÓÐRÉTT: 1 stólpar, 2 kiló, 3 íða, 4 háns, 7 síð-læti, 9 gramar, 12 bóka, 14 tef, 16 ss.

SUDOKU

7	6			3			8	2
	8		9					7
			5					
4		6			7	8		9
	5		1	9	3			4
	2							
2	3			4	5			1
				6				
	9		8			3		

			9	3			6	
3		7						5
	5		7	8			2	
6	1							
			1	4				
2		9				7		
		3		2				4
			3		9	5		
		1		7	6			3

Þrútin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ÆVERLI



**MATUR OG HEIMILI
MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR**

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00



HRINGBRAUT

Hjartað slær í Stykkishólmi

tsh@frettabladid.is

Vegleg dagskrá verður á tíu ára afmælishátíð Júlíönu – hátíðar sögu og bóka í Stykkishólmi í mars næstkomandi.

Bókmenntahátíðin Júlíana – hátíð sögu og bóka í Stykkishólmi fagnar tíu ára afmæli sínu í ár en hátíðin var stofnuð 2013 af Grétu Sig Bjargardóttur. Hátíðin er tileinkuð skáldkonunni Júlíönu Jónsdóttur (1838-1917) sem var fyrst íslenskra kvenna til að gefa út ljóðabók. Gréta segist hafa fengið hugmyndina að hátíðinni fyrir rúmum áratug eftir að frænka hennar kynnti hana fyrir verkum Júlíönu.

„Þessi frænka mín segir mér að Júlíana hafi verið frænka hennar og fer að segja mér frá þessari merki- legu konu sem er fyrsta kona á Íslandi til að skrifa ljóðabók og gefa hana út. Ég bara sá þessa konu sem algjöra fyrirmynd og brautryðjanda. Þá komst ég að því að Guðrún P. Helgadóttur, hafði skrifað bókina Brautryðjandinn um Júlíönu, þannig einhver hafði verið að fjalla um hana en samt var hún ekki hátt skrifuð,“ segir hún.

Gréta rekur hótelið Hótel Egilsen í Stykkishólmi og einn daginn þegar hún var stödd á næturvakt sló niður hugmynd í höfuðið á henni.

„Það var í september 2012 að ég er stödd á næturvakt og þá er verið að taka upp kvikmyndina *The Secret Life of Walter Mitty* og staffið var meðal annars hjá okkur. Það eru allir komnir í ró og ég er að undirbúa morgunmatinn og leggja á borð og svona, þá fer ég að velta því fyrir mér hvað ég geti gert og þá bara kemur hugmynd. Það er eins og hugmyndin hafi bara verið hér á sveimi og dottið niður því ég vissi nákvæmlega hvað ég ætlaði að gera! Að stofna hátíð og hún skyldi heita Júlíana,“ segir Gréta.

Verk Júlíönu Jónsdóttur hafa verið svo gott sem ófánleg undanfarna öld en Gréta stefnir á að endurútgefa heildarsafn verka Júlíönu saman í einni bók; ljóðabækurnar Stúlku, Hagalagða og leikritið Vig Kjartans Ólafssonar.

Ljóða- og smásagnakeppnir

Júlíönuhátíðin hefur svo verið haldin nánast árlega síðan 2013 og verður næsta útgáfa hátíðarinnar haldin í Hólminum 23.-25. mars 2023.

„Það er tíu ára afmæli hjá okkur, fyrsta hátíðin var 2013 og nú er 2023



Gréta Sig Bjargardóttir er mikill Hólmari í hjartanu og hefur hún búið í Stykkishólmi með hléum stóran hluti ævinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

þannig það er tilefni til að fagna. Við höfum verið smástigandi að stækka hátíðina, við byrjuðum mjög hóflega en það hefur litíð breyst með viðburði. Undanfarnir ár erum við búin að vera með stórar ljóða- og smásagnakeppnir, til skiptis, og það hefur gengið vel og mikil þátttaka,“ segir Gréta en í ár var blásið til ljóðasamkeppni og verða úrslitin kunngjörð á hátíðinni.

Gréta segir hátíðina alltaf byggja á einhverju þema sem er ákveðið fyrir fram og síðan séu höfundar og bækur valin út frá þemanu. Yfirskrift hátíðarinnar í ár er „Ég var gestur og þið hýstuð mig“ og undirtitillinn Nýir Íslendingar: Skrif þeirra og áhrif í bókmenntum og listum.

„Við ákváðum það í apríl í fyrra að vera með þemað nýir Íslendingar, skrif þeirra og áhrif. Það verða eingöngu nýir Íslendingar sem eru rithöfundar sem hafa verið að skrifa á íslensku. Svo eru alltaf leshópar í tengslum við hátíðina sem byrjuðu núna í febrúar. Það er hópur í Stykkishólmi og Grundarfirði og svo er ég að byrja með litinn hóp í Reykjavík. Þessir leshópar hitta svo rithöfund í súpu sem við köllum Júlíönu súpu í hádeginu á laugardaginn á veitingastaðnum Narfeyrarstofu í Stykkishólmi. Rithöfundurinn í ár er forsetafrúin Eliza Reid með bókina *Sprakkar* sem er verið að lesa bæði á ensku og íslensku.“

Úkraínsk óperusöngkona

Aðrir listamenn sem koma fram á hátíðinni eru pólska skáldið Jakub Stachowiak sem hefur gefið út nokkrar ljóðabækur á íslensku, serbneska skáldið Ana Mjallhvít Drekaóttir og rússneski gagnrýnandinn og fræðimaðurinn Victoria Bakshina. Þá mun bókmenntafræðingurinn Jón Yngvi Jóhannsson sjá um málstofu.

„Við endum svo dagskrána laugardagskvöldið 25. mars með óperu þar sem Alexandra Chernyshova, óperusöngkona frá Úkraínu, kemur fram ásamt kirkjukór og organista Stykkishólmskirkju. Það er einn framúrskarandi nýr Íslendingur en hún hefur samið íslenskar óperur,



Stykkishólmur og eyjarnar þar hafa haft mjög djúp áhrif og hjarta mitt slær þar.

til dæmis um Vigdís Finnbogadóttur, sem hún hefur fengið alþjóðleg verðlaun fyrir, og svo er hún náttúrulega framúrskarandi óperusöngkona,“ segir Gréta.

Finnst þér vera mikil gróska í bókmenntum eftir innflytjendur og nýja Íslendinga eins og þú kallar þá?

„Já, mér finnst þetta mjög skemmtilegt hvernig þeir eru að hasla sér völl á þessu erfiða tungumáli okkar. Jakub sagði til dæmis í blaðaviðtali sem ég las að hann gæti ekki lengur samið á pólsku. Þetta er náttúrulega bara stórkostlegur árangur og þetta er svo mikil viðbót fyrir tungumálið okkar. Við fáum nýja sýn, eins og í bókinni hennar Elizú Reid, *Sprökkum*, þar sem hún tekur viðtal við margar konur, maður sér að hún hefur svoltið aðra sýn oft á tíðum, hún sér kannski smáatriðin sem fara fram hjá okkur.“

Þrjú æviskeið í Hólminum

Gréta er mikill Hólmari í hjartanu og hefur hún búið þar með hléum stóran hluti ævi sinnar.

„Ég á þrjú æviskeið í Stykkishólmi; æsku mína en ég ólst til hálfis upp í Stykkishólmi, svo flutti ég þangað 1972 með eiginmanni og tveimur börnum, flutti til Reykjavíkur 1987 og flutti svo til baka til Stykkishólms 2006 og er tiltölulega nýkomin til baka. Stykkishólmur og eyjarnar þar hafa haft mjög djúp áhrif og hjarta mitt slær þar.“

Skipuleggjendur Júlíönuhátíðarinnar eru þar Gréta Sig Bjargardóttir, formaður stjórnar og stofnandi, Nanna Guðmundsdóttir, upplýsingafræðingur og bókasafnsvörður, Sunna Guðný Högnadóttir, bókmenntafræðingur og kennari, og Ásdís Árnadóttir kennari. Í dómnefnd ljóðasamkeppni Júlíönu sitja Sigbrúður Silju Gunnarsdóttir, ritstjóri og formaður dómnefndar, Sólveig Ásta Sigurðardóttir, doktor í bókmenntafræði og Anton Helgi Jónsson skáld. ■

Að moka munnholur undir snuð

BEKUR

Snuð

Brynjólfur Þorsteinsson
Útgefandi: Una útgáfuhúsið
Fjöldi síðna: 238

Brynhilldur Björnsdóttir


Snuð er fyrsta skáldsaga Brynjólfs Þorsteinssonar sem ákvað að hætta á Twitter og einbeita Twitterorkunni að því að skrifa skáldsögu. Bókin ber þess merki að vissu leyti, textinn í fyrri hlutanum sérstaklega er á köflum þrungið á þann hátt sem aðeins höfundur sem er vanur að troða öllu sem honum liggur á hjarta í 180 stafabil getur skrifað. Þetta hljómar kannski ekkert sérstaklega vel en gerir það að verkum að textinn er beinlínis að springa úr líkingum, hugmyndum og skáldbrögðum, setningarnar stundum svo haganlega samansettar að lesandinn verður beinlínis að taka sér pásu og smjatta aðeins á þeim. Það

gerir viðkomandi hins vegar auðveldara fyrir að söguþráðurinn og söguviðið er frekar einfalt, og persónurnar sem við þurfum að fylgja og leggja á minnið ekki of margar.

Snuð sem haldreipi

Hver kafl er helgaður einni persónu, í sumum tilfellum er kaflinn aðeins innsýn í huga aukapersónu, einskona skýring eða hliðarspor inn í annan veruleika en sögunnar, en oftast fylgjum við þó þremur fjölskyldumeðlimum sem við kynnum gegnum ólíka frásagnarhætti. Saga Lárusar, fjölskylduföðurins er eiginlega aðalsagan, við fylgjum honum fyrsta vinnudaginn í háþróaða tölvufyrirtækið S: lausnir sem hverfist um að þróa tækni sem hægt er að nota til að „ráðskast með mannssálina“ eins og Brynjólfur sjálfur orðar það í viðtali við Fréttablaðið, verkfræðingar þrjárinnar „moka munnholur undir snuð“ eins og segir á blaðsíðu 205, búa til tóm og svo snuð til að fylla það tóm.

Lárus kemst að því, fljótlega eftir að hann mætir í vinnuna, að hann gleymdi eigin bókstaflega snuði, haldreipi sínu í lífinu sem tengir hann við líkama sinn og þannig við m e n n s k u n a í sjálfum sér. Söguþráður hans er spunninn í nokkuð línulegri frásögn, ólíkt sögu konu hans, Þrúðar, ofbeldisneigðs djákna á leið á prestastefnu, sem er sögð í gegnum yfirheyrslur rannsóknarlögregluþólks og innri einræðum sonar hans Natans sem virðist vera kringum tíu ára



aldurinn, frekar óhugnanleg persóna sem stelur tönnum yngri barnanna í skólanum en eintal hans fer fram á ensku að stórum hluta.

Leikur með tungumálið

Í upphafi hvers kafla er tákna persónunnar, Lárus á snuði, Natán jafl og Þrúður kross og fleiri persónur eiga sér fleiri tákna sem er öllum smalað saman á forsiðunni sem Þórdís Erla Zoëga hannaði í

góðu samræmi við flæði bókarnnar.

Brynjólfur Þorsteinsson er spennandi rithöfundur sem minnir

stundum á Andra Snæ, sérstaklega þá Lovestar og líka stundum á Medúsuskáldin á niunda áratug síðustu aldar. Skáldsagan Snuð er bókstaflega stúf full af hugmyndum, pælingum, stíltílaunum og formsprengingum (hluti bókarnnar er skrifaður af gervigreind), þannig að stundum á lesandinn fullt í fangi með að halda þræði sem skiptir kannski engu máli, skáldsagan er ekki í fyrirrúmi hér heldur galsafnginn og nánast óþreyjufullur leikur með tungumálið og skynjun á því hvernig hægt er að byggja upp frásögn og halda heilli skáldsögu gangandi án þess að gangast inn á allar reglurnar sem formið á að lúta þó sumar þeirra séu vissulega hafðar í heidri. ■

NIDURSTADA: Snuð er örvandi, hressandi og umfram allt skemmtileg rússíbanareid gegnum skáldsöguformið sem hefur bara gott af því að einhver hristi upp í því reglulega.

2 Kötur stálu glamúrnum á BAFTA

Stórstjörnurnar geisluðu á BAFTA-hátíðinni þar sem glæsileg dress glöptu augað en erfitt var þó að keppa um athyglina við Katrínar tvær; Zetu-Jones og prinsessuna af Wales sem stálu senunni fyrirhafnarlitið, ekki síst sú fyrirnefnda.

katrinasta@frettabladid.is



Catherine Zeta-Jones sleppti rauða dreglinum en birtist síðar, í perlulögðum kjól frá Tony Ward, til að afhenda verðlaunin fyrir bestu myndina. Vakti hún slíka athygli að Twitter stóð í ljósum logum.

Gwendoline Cristie var stórglæsileg í svörtum riffluðum sídkjól með leðurbelti og kruga. Kjöllinn minnir á eitthvað sem karakterinn hennar í þáttunum The Wednesday hefði klæðst.



Prinsessan af Wales, Kate Middleton, skartaði hvítum sídkjól með svörtum hönskum og gylltum skóm. Er þetta í fyrsta skipti sem hún kemur fram á rauða dreglinum eftir nafnbótina.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Angela Bassett klæddist fjólubláum litum þar sem ermarnar á kjólnum eru aðalatriðið og ýta undir dramatík kjólsins. Var hún ein af þeim sem bar bláa borðann.



Florence Pugh uppljómuð í appelsínugulurum Nina Ricci eftir Harris Reed. Kjöllinn er plísieraður tjullkjól með hafmeyjusniði og knúsar Florence á öllum réttu stöðunum.



Jodie Turner-Smith klæddist eftirtektarverðum fjólubláum fjaðrakjól á rauða dreglinum. Mikið af smáatriðum er á kjólnum, eins og gegnsær toppur, palliuttur og fjaðrir. Til að setja toppinn yfir í-ið bjó hún til freknur úr gimsteinum til að glansa enn meira.

Öll verðum við klisjunum að bráð

KVIKMYNDIR

Villibráð

Leikstjörn: Elsa María Jakobsdóttir
Handrit: Tyrfingur Tyrfingsson, Elsa María Jakobsdóttir
Aðalhlutverk: Nina Dögg Filippusdóttir, Björn Hlynur Haraldsson, Gísli Örn Garðarsson, Hilmir Snær Guðnason, Puriður Blær Jóhannsdóttir, Hilmar Guðjónsson, Anita Briem

Þórarinn Þórarinnsson

Seintekið Covid varð til þess að Villibráðin gekk bíóyrni Fréttablaðsins úr greipum þegar hún tók flugið í kvikmyndahúsum fyrir nokkrum vikum. Auðvitað eins og stökkva vatni á villigæs að bera slíkt fyrir sig í að því er virðist miðri þjóðarsátt um að annað sé óhjákvæmilegt en að sjá þessa frumraun Elsu Maríu Jakobsdóttur í bíó.

Þótt sjálfsgagt öll og afar hafi heyr

grunnsögu Villibráðar reifaða er formsins vegna, og ekki alveg kinnroðalaust, rétt að ítreka að myndin á sér stað í matarboði vestur í bæ hvar sjö vinir, þrjú pör og einn stakur, bregða á stórhættulegan leik með því að hafa símana sína, og allt sem í þá berst, uppi á borðum.

Snargalið auðvitað og þegar snjallsimarnir byrja að titra og pípa flæða leyndarmál og undirferli ýmiskonar fram og beinagrindur í lokuðum skápum dansa í takt við jarðskjálfta sem hrista borðhaldið í bókstaflegri merkingu.

Til að byrja með tekst blessuðu fólkinu ágætlega að tóna afhjúpanirnar niður með gríni og hálfkveðnum vísu þangað til það byrjar að gjósa með slíkum ósköpum að lif og sambönd sjömenninganna verða tæpast sóm eftir að gengið er frá borðum.

Alþjóð veit líklega að Villibráð á sér fyrirmynd í mest endurgerðu mynd sögunnar, hinni ítölsku Per-



fetti Sconosciuti frá 2016, en hlýtur þó að mega skoðast sem sjálfstætt verk með sömu rökum og gilda um þýðingar skáldsagna og kvikmyndaaðlaganir þeirra.

Staðfering handritshöfundanna er heldur ekki aðeins rótföst í

íslenskum veruleika heldur mikkro-kosmósnum í pósthúmeri 107 þar sem KR, yfirborðsmennska og tilgerðarsnobb mætast á þekkttri merklingarmidju þar sem persónurnar eru sem fiskar í vatni sem fulltrúar ákveðinna steriótýpa.

Sagan, uppákomurnar, leyndarmálin, átökin og samtölin eru eins og brestir, kostir og lestir persónanna því óhjákvæmilega klisjur. Rétt eins grínið, dramað og háskaleg spennan sem stigmagnast eftir því sem líður á kvöldið.

Þetta er margt gamalkunnugt og á mörkum þess að vera banal eins og hómófóbiskur talsmáti karlpunganna í veislunni. Það er að segja efsú orðræða væri bara ekki enn jafn útbreidd og raun ber vitni.

Villibráðinni gæti því svo hæglega fatast flugið með brotlingu úti í Vatnsmyri fyrir þann mikinn galdur allra sem að myndinni koma að geta látið áhorfandann skemmta sér við að horfast í augu við þá hrollvekjandi

staðreynd að öll erum við klisjur.

Hvað sem veldur þá gengur þetta dæmi ofboðslega vel upp í snjallri sviðsmynd við tónlist sem smellpassar í undarlegheitum sínum við skemmtilegt handrit þar sem leikhópur í geggjuðu fantaformi gerir sér jafnvel meiri mat úr persónum sínum en þann sem er borinn á borð fyrir þær.

Myndin heldur þannig dampi, spennu, athygli og áhuga þrátt fyrir en um leið vegna þess að þau sem vilja ekki kannast við að þau séu í og með að hlæja að og með sjálfum sér eru annað hvort að ljúga eða í blindri afneitun. Alveg eins og persónurnar með símana sína. ■

NIÐURSTADA: Grín og dramatísk spenna keyra markvísst og fáránlega vel á samannlegum klisjum, klisjukennum tilfinningum, viðbrögðum og persónum þannig að unun er á að horfa og engjast aðeins innra með sér í leiðinni.

INSPIRED BY TRUE EVENTS



COCAINE

BEAR

FRUMSÝND 24. FEBRÚAR

LAUGARÁS  **BÍÓ**
BARA LÚXUS

ÁLFABAKKI
SAMBÍÓN

SMÁRA  **BÍÓ**

Hvað er að fréttastofa?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is.

Innlendar og erlendar fréttir,

léttar fréttir, íþróttaréttir,

viðskiptaréttir, skoðanapistla,

spottið og auðvitað blað

dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann



frettabladid.is



Baltasar Kormákur með stjórnurnar Denzel Washington og Mark Wahlberg að baki sér, á frumsýningu 2 Guns í New York í júlí 2013. Áratug síðar er myndin óvænt að gera það gott á Netflix.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tíu ára mynd Baltasars toppaði óvænt á Netflix

Áratug eftir að Baltasar Kormákur frumsýndi spennu-myndina 2 Guns rauk hún í síðustu viku beint í 1. sæti listans yfir vinsælustu kvikmyndirnar á Netflix. Óvænt ánægja segir leikstjórinn og neitar því ekki að það sé gott að vera strokið með svona síðbúnum vinsældum.

totti@frettabladid.is

Spennu-myndin 2 Guns, með Denzel Washington og Mark Wahlberg, kom verulega á óvart þegar hún rauk lóðbeint á toppinn yfir vinsælustu kvikmyndirnar á Netflix eftir að efnisveitan bætti henni í streymi sitt á fimmtudaginn.

„Já, þetta var óvænt ánægja. Myndir eiga ólíkt líf en gleymast þó flestar en það virðist vera líf í 2 Guns,“ segir leikstjórinn Baltasar Kormákur í samtali við Fréttablaðið um myndina sem hann frumsýndi 2013.

„Ég fékk tölvupóst um þetta frá góðum félagam mínum, Adam Seigel, sem framleiddi myndina með mér á sínum tíma,“ segir Baltasar sem hefur augun á flestu öðru en Netflix-listum þessa dagana þar sem hann er á kafi við gerð næstu myndar sinnar. Snerting, sem byggir á samnefndri skáldsögu Ólafs Jóhanns Ólafssonar með Agli Ólafssyni í aðalhlutverki.

Óvæntur hástökkværi

Vefmiðillinn Comicbook.com sagði frá þessu óvænta hástökki 2 Guns á föstudaginn með þeim orðum að þetta væri eitthvað sem í raun væri ekki hægt að útskýra en þá var myndin komin á toppinn, degi eftir að Netflix byrjaði að streyma henni.

„2 Guns hafði ekki einu sinni tíma til þess að klifra upp listann og varð samstundis númer 1 í Bandaríkjunum,“ segir Comicbook.com og lætur þess jafnframt getið að 2Guns hafi ekki einu sinni verið á upprunalega listanum yfir efni sem stæði til að frumsýna á Netflix í febrúar en þrátt fyrir það hafi fólk strax byrjað að horfa í stórum stíl.

„Það hefur mikla merkingu fyrir mig að myndirnar mínar lifi og þær skemmti fólki og fái áhorf. Svo er alltaf gott að láta strjúka sér smá,“ segir Baltasar og brosir þegar hann er spurður hvort svona nokkuð hljóti ekki að kitla egóíð aðeins.

„Ég hef samt orðið meira og meira



Baltasar við tökur ásamt Washington og Wahlberg.

MYND/UNIVERSAL



Það hefur mikla merkingu fyrir mig að myndirnar mínar lifi og þær skemmti fólki og fái áhorf.

Baltasar Kormákur

Topp 10 á Netflix

1. 2 Guns
2. Your Place or Mine
3. Minions: The Rise of Gru
4. 47 Meters Down Uncaged
5. Lyle, Lyle Crocodile
6. The Woman King
7. I Can Do Bad All By Myself
8. You People
9. Sing 2
10. All The Places

mælist 64% á Rotten Tomatoes og er meðal annars sögð nokkuð ofbeldisfull spennu-mynd af gamla skólanum sem takist að heilla áhorfendur með sjarmerandi samspili stjarnanna tveggja sem séu vel paraðir saman.

Denzel Washington er fagmaður fram í fingurgóma og þykir ekki sá auðveldasti víðureignar og hestamaðurinn Baltasar likti honum við erfiðan gæðing þegar hann lýsti samstarfinu í viðtali við Fréttatímann haustið 2012.

„Auðvitað er þetta gríðarleg ábyrgð. Að vera með tugmilljóna dollara myndir á herðunum en þetta gekk upp,“ sagði Baltasar í sama viðtali en þá hafði honum tekist að ljúka tökum á 2 Guns á tilsettum tíma og standast fjárhagsáætlun.

2 Guns gerði síðan ágætis mót í kvikmyndahúsum á sínum tíma og skilaði ríflega 75 milljón dollara hagnaði í Bandaríkjunum, skilaði 132 milljónum dollara á heimsvísu og er nú byrjuð að malla á nýjum vettvangi áratug síðar. ■

var við að fólk erlendis heldur upp á þessa mynd. Hún er kómiskari en margt sem ég hef gert á filmu og minnir mann kannski á það að gleyma því ekki.“

Taumhald á gæðingi

Denzel Washington og Mark Wahlberg leika útsendara annars vegar fíkniefnalöggu og hins vegar útsendara sersveitarinnar sem kennd er við Navy SEALs sem neyðast til að snúa bókum saman eftir að hafa, hvor í sínu lagi, siglt undir fólksku flaggi í tilraun til þess að taka niður skipulagðan glæpahring.

Myndin fékk á sínum tíma köflottar viðtökur en ferskleiki hennar

PAUL
RUDD

EVANGELINE
LILLY

JONATHAN
MAJORS

KATHRYN
NEWTON

BILL
MURRAY

WITH
MICHELLE
PFEIFFER

AND
MICHAEL
DOUGLAS



MARVEL STUDIOS

ANT-MAN AND THE WASP

QUANTUMANIA

WITNESS THE BEGINNING OF A NEW DYNASTY

KOMIN Í BÍÓ



BAKÞANKAR

Kristbjargar
Þórisdóttur



Kristalskúlan

Ég var svo heppin að vinna tvo öskudagsbúninga fyrir börnin mín í leik sem fór fram á ásjónubók. Takk Partýbúðin! Ég sem vinn aldrei neitt fór í gegnum hugann en svo hugsaði ég aðeins um þetta. Ég hef aldeilis unnið í lífinu, börnin mín, maka, vini, fjölskyldu, frábært starf og fleira.

Þessar hugleiðingar minntu mig á það þegar ég var yngri, einhleyp og barnlaus og hafði áhyggjur af að von mín um fjölskyldu myndi ekki rætast. Ég myndi ekki vinna í því lottói. Ég hefði verið mun rólegri og notið betur stundarinnar þá ef ég hefði getað séð fram í tímann í kristalskúlu fjölskylduna sem ég á í dag. Ég fékk stóra lottóvinninginn.

Kannski gleymist stundum að njóta þess sem er á vegi okkar þessa stundina vegna hugsana um fortíðina eða framtíðina. Ef við erum með annan fótinn í fortíðinni en hinn í framtíðinni missum við af því mikilvægasta, núinu.

Lif þar sem við sjáum allt fyrir fram í kristalskúlu er ekki til! Væri það hægt gætum við afstýrt áföllum og þyrftum ekki að hafa áhyggjur. Þannig er raunveruleikinn ekki því miður. Viðbrögð okkar og ákvarðanir byggja á þeim upplýsingum sem við höfum hverju sinni. Því er mikilvægt að falla ekki í hugsanaskekku bak-sýnisspegilsins að ætla sér að geta séð hlutina fyrir eða geta tekið ákvarðanir út frá upplýsingum sem við höfum ekki þá stundina. Stundum getum við verið vitur eftir á.

Njótum þess sem er hér og nú, lærum af fortíðinni og vonum það besta fyrir framtíðina. Stundum vinnum við, meira að segja á ásjónubók! ■

Hér færðu Fréttablaðið á höfuðborgarsvæðinu



101

Sundhöllin
Olís Ánanaustum
Nettó Granda
N1 Hringbraut
Krambúðin Skólavörðustíg
BSÍ

Bónus Kjörgarði
Bónus Fiskislóð
Krónan Granda
Krónan Hallveigarstíg

102

Krambúðin Menntavegi
Háskóli Íslands
Reykjavíkurlugvöllur

103

Kringlan
Bónus Kringlunni
Krónan Austurver

104

Glæsibær
Olís Sæbraut
Olís Álfheimum
N1 Klettagörðum
Iceland Glæsibær
Húsasmiðjan Skútuvogi
Hagkaup Skeifunni
Bónus Skútuvogi
Bónus Holtagörðum
Krónan Borgartúni

105

World Class Laugum
Laugardalslaug
Nettó Nóatúni
Krambúðin Lönguhlíð
Krambúðin Laugalæk
Bónus Skipholtí
N1 Borgartúni

107

N1 Ægissíðu
Melabúðin
Krambúðin Hjarðarhaga
Vesturbæjarlaug

108

Nettó Lág múla
N1 Stóragerði
N1 Fossvogi
Krambúðin Grímsbær
Múlakaffi
Bónus Skeifunni
Krónan Skeifunni

109

Olís Mjódd
Nettó Mjódd
N1 Skógarseli
Iceland Seljabraut
Krónan Breiðholti

109

Olís Mjódd
Nettó Mjódd
N1 Skógarseli
Iceland Seljabraut
Krónan Breiðholti

110

Árbæjarlaug
Olís Norðlingaholti
N1 Ártúnshöfða
Múrbúðin Kletthálsi
Bónus Hraunbær
Krónan Bildshöfða
Krónan Árbær

111

Breiðholtslaug
Iceland Vesturbergi
Bónus Lóuhólum

112

World Class Egilshöll
Grafarvoglaug
Olís Gullinbrú
N1 Gagnvegi
Bónus Spönginni

113

Krónan Grafarholti

116

Klébergslaug

170

World Class
Seltjarnarnesi
Sundlaugin
Seltjarnarnesi
Hagkaup Eiðistorgi

200

Sundlaug Kópavogs
N1 Stórahjalla
Iceland Engihjalla
Bónus Nýbýlavegi
Bókasafn Kópavogs

201

Salalaug
Smáralind
Hagkaup Smáralind
Nettó Salavegi
Bónus Smáratorgi
Elko Lindum
Krónan Lindum

203

World Class
Ögurharví
Nettó Búðarkór

210

Ásgarðslaug
Olís
Hafnarfjarðarvegi
Hagkaup Litlatúni
Costco
Bónus Kauptúni
Bónus Garðatorgi
Krónan Garðabær

220

Ásvallalaug
Sundhöll Hafnarfjarðar
Suðurbæjarlaug
Nettó Dalshrauni
N1 Lækjargötu
Húsasmiðjan
Fjarðargötu
Fjörðurinn
Fjarðarkaup
Bónus Helluhrauni
Krónan Flatahrauni
Krónan Hvaleyrarbraut

221

Nettó Selhelli
Múrbúðin Selhelli
Iceland Staðarbergi
Bónus Tjarnarvöllum
Krónan Norðurhelli

225

Álftaneslaug

270

Varmárlaug
Lágafellslaug
Olís Langatanga
Nettó Sunnukrika
N1 Háholti
Bónus Bjarkarholti

*Sífelld fleiri staðir bætast við.
Fylgist vel með.



Opnaðu myndavélina í
snjalltækinu þínu og skannaðu
QR kóðann.

Nánari upplýsingar finnur þú á
www.frettabladid.is/stodsitur/dreifing

Sparaðu
tímann
og gerðu
einfaldari
innkaup á
netto.is



nettó

Frítt